Ársþing
Íþróttabandalags Vestmannaeyja
6. maí 2009

Verkefni Ársþings Íþróttabandalags Vestmannaeyja 6. maí 2009

Verkefni ársþingsins eru:

1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörnefndar
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og tveggja ritara
4. Skýrsla stjórnar og umræður
5. Reikningar stjórnar, umræður og atkvæðagreiðsla
6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja
8. Ræddar tillögur er fyrir liggja
9. Kosnar fimm þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, íþróttanefnd og kjörnefnd. Eru fimm menn í hverri þeirra.
10. Lagðar fram uppástungur um formann ÍBV fyrir næsta ár.

Þinghlé

11. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla
12. Kosning fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ.
13. a) Kosinn formaður ÍBV
    b) Kosin stjórn ÍBV
    c) Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara

d) Kosið í laganefnd, valnefnd og aðrar nefndir, ef tillögur hafa borist

14. Ýmis mál
15. Þingslit

Ársskýrsla Íþróttabandalags Vestmannaeyja

starfsárið 2008

Ársþing Íþróttabandalags Vestmannaeyja var haldið í Týsheimilinu 15. maí 2008. Á þinginu var Þór Í. Vilhjálmsson endurkjörinn, formaður fyrir næsta starfsár og aðrir í stjórn kjörin, en þau eru Leifur Gunnarsson varaformaður, Gísli Valtýsson gjaldkeri, Arndís Sigurðardóttir ritari og Birgir Guðjónsson meðstjórnandi.

Starf íþróttahreyfingarinnar í Vestmannaeyjum var kröftugt sem fyrr og mörg góð afrek unnin. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu vann sér aftur sæti í úrvalsdeild og meistaraflokkur kvenna stóð sig vel og var nálægt því að vinna sér sæti í úrvalsdeild. Þá tók meistaraflokkur kvenna í handknattleik aftur þátt í Íslandsmótinu og var hann að mestu skipaður ungum leikmönnum. Sama má segja um meistaraflokk karla í handknattleik og eru þessir flokkar eingöngu skipaðir heimafólki en stjórnendur handboltans hafa unnið skipulega að því að ná tökum á fjárreiðum deildarinnar og hefur orðið vel ágengt í því.

Þá hefur verið mikill kraftur í starfi yngri flokka hjá Í.B.V. íþróttafélagi. Þá er ánægjulegt að Pæjumótið í knattspyrnu er að stækka aftur en það hefur verið í lægð síðustu ár. Þá stendur Shellmótið alltaf fyrir sínu og er eitt stærsta mót á Íslandi. Þjóðhátið Vestmannaeyja gekk mjög vel og er senni-

lega sú stærsta frá upphafi. Það skiptir íþróttahreyfinguna mjög miklu máli að hún takist vel en hún stendur að stærstum hluta undir starfsemi hreyfingarinnar hér í Eyjum. Þá var Þrettándagleðin geysifjölmenn en það virðist gefa góða raun að halda hana um helgi en fyrir bragðið kemur fjöldi gesta af fastalandinu til Eyja.

Mikill kraftur er í starfsemi hjá Körfuknattleiksfélagi Í.B.V. Og eru þeir búnir að setja mark sitt á körfuboltann í landinu svo um munar. Hjá sundfólkinu hefur árið verið öflugt. Fimleikafélagið Rán er með mjög mikla starfsemi og eru fimleikar orðnar ein að stærstu íþróttagreinunum í Eyjum en Rán fagnaði einmitt 25 ára afmæli sínu á árinu. Íþróttafélagið Ægir hefur verið áberandi og hefur verið að kynna starfsemi sína með ýmsum nýjungum. Badmintonfélag Vestmannaeyja hefur verið að eflast mjög eftir að það var endurvakið aftur og er iðkendahópurinn alltaf að stækka. Golfklúbbur Vestmannaeyja fagnaði 70 ára afmæli sínu á árinu en það er nú elsta íþróttafélagið í Eyjum. Í tilefni afmælisins gaf það út vandaða afmælisbók sem sómi er af, jafnframt var það fyrsta íþróttafélagið í Vestmannaeyjum til að verða fyrirmyndarfélag Íþrótta og Ólympíusambands Íslands en það var afhent skjal þar af lútandi í afmælisfagnaði, sem það hélt í desember en forseti Í.S.Í kom til Eyja í tilefni afmælisins. Vil ég óska þeim til hamingju með þann árangur og hvetja önnur félög til að vinna að því að ná þessum árangri.

Að venju var haldið veglegt hóf í íþróttahúsinu í janúar þar sem val á íþróttamanni Vestmannaeyja var tilkynnt. Þá útnefndi hvert aðildarfélag Í.B.V. íþróttamann sinn. Þá komu fulltrúar frá Bæjarfélaginu og afhendu afreksstyrki til félagana og jafnframt heiðruðu þau stóran hóp íþróttafólks, sem hafði á árinu leikið með landsliðum Íslands. Mjög ánægulegt er hvað athöfnin er vel sótt. Íþróttamaður Vestmannaeyja árið 2008 var valinn Andri Ólafsson knattspyrnumaður. Og Hallgrímur Júlíusson var valinn íþróttamaður æskunnar. Vignir Guðnason var heiðraður fyrir mikið og gott starf í áratugi í þágu íþróttarhreyfingarinnar.

Íþróttahreyfingin í Vestmannaeyjum hefur eins og önnur starfsemi í landinu en orðið fyrir barðinu á á hinni miklu fjármálakreppu sem skall á s.l. haust með þeim afleiðingum að margir góðir styrktaraðilar hafa orðið að draga sig til baka. Hafa félögin brugðist við því með að skera niður í rekstri sínum og hafa mætt þessu með miklu aðhald.

Ferðasjóður fyrir íþróttahreyfinguna hefur sannað gildi sitt og skiptir íþróttastarfið í Eyjum miklu máli en fyrir árið 2008 voru veittar úr honum 60 milljónir og er Íþróttabandalag Vestmannaeyja með annan hæsta styrkinn eða um 8,5 milljónir króna. Nú eru blikur á lofti með sjóðinn en veita átti úr honum 90 millj. á þessu ári en búið er að skera það niður í 60 millj. Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið til að beita áhrifum sínum til að ferðasjóðurinn verði áfram starfræktur og ekki verði skorið niður fé til hans en allir eru sammála að í því ástandi sem ríkir í dag sé það mjög þýðingarmikið að halda úti öflugu íþróttastarfi í landinu og þar gegnir ferðasjóðurinn miklu hlutverki.

Starf stjórnar Í.B.V. hefur verið með hefðbundnum hætti þetta starfsár, stjórnarfundir verið haldnir nánast einu sinni í mánuði eins og lög segja til um og oftar ef þurft hefur.

Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja vill þakka aðildarfélögum samstarfið á árinu og einnig stuðningsmönnum og styrktaraðilum veittan stuðning.

f.h Íþróttabandalags Vestmannaeyja
Þór Í.Vilhjálmsson, formaður

Rekstrar- og efnahagsreikningur
Íþróttabandalags Vestmannaeyja
1. jan. 2008 - 31. des. 2008

Rekstrarreikningur

Tekjur:

Hlutur Íþróttabandalagsins í lottotekjum ársins 2008	1.610.395
3% hlutdeild ÍBV í Ísl. Getraunum v/ársins 2008	720.101
Útbreiðslustyrkur 2008	169.598
Vextir	53.240
Tekjur samtals	**2.553.334**

Gjöld:

Hlutur aðildarfélaga Íþróttabandalagsins í lottotekjum Vestm.eyja	1.449.355
Hóf v/Íþróttamanns ársins	226.841
Ferða- og þingkostnaður	151.420
Fjármagnstekjuskattur	5.324
Gjafir og styrkir	229.287
Ýmislegt	44.613
Gjöld samtals	**2.106.840**
Hagnaður	**446.494**

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir:

Ávísanareikningur nr. 379 í Sparisjóði Vestmannaeyja 31.12.08	867.392
Óinnkomnar tekjur v/getrauna ársins 2008	720.101
Óinnkomnar tekjur v/lottos ársins 2008	127.889
Eignir alls	**1.715.382**

Skuldir og eigið fé:

Ógreitt lotto til aðildarfélaga Íþróttabandalagsins um áramót 2008/2009	272.234
Ógreiddir reikningar v/ársins 2008	105.240
Skuldir alls	**377.474**
Eigið fé í ársbyrjun 2008	891.414
Tekjur umfram gjöld	446.494
Höfuðstóll 31. desember 2008	1.337.908
Skuldir og eigið fé alls	**1.715.382**

Lottogreiðslur 2008

1. júní 2004 tók gildi ný úthlutunarregla: Íþróttabandalagið fær 10% af óskiptu lottói, 30% skiptast jafnt milli aðildarfélaganna (ÍBV 4 deildir) og 60% fara til félaganna í samræmi við fjölda iðkenda 18 ára og yngr
Hvert aðildarfélag þarf að hafa verið 3 ár í héraðssambandinu til að eiga rétt á úthlutun
Íþróttafélagið Ægir fái úthlutað miðað við 50 iðkendur ár hvert, - ekki miðað við raun-iðkendafjölda

	Heildargr. ÍSÍ til ÍBV 100,00%	Hlutur Héraðssamb. 10,00%	Jöfn úthlutun 30,00%	Skipting iðkendafj. 60,00%	Iðk.alls 957 100,00%	Vélhjólaþr. 0 0,00%	Hnefal.fél 0 0,00%	ÍBV íþr.fél. 530 55,38%	Golfkl. 152 15,88%	Rán 163 17,03%	Óðinn 21 2,19%	Ægir 50 5,22%	Sundfél. 21 2,19%	Í.V 20 2,09%	KFS 0 0,00%	Jakarnir 0 0,00%	Samtals 100,00%
Innb. Lotto jar	132.777	13.278	39.833	79.666	957	0	3.319	57.398	15.973	16.888	5.068	7.482	5.068	4.984	3.319	0	132.777
Innb. lotto feb	111.137	11.114	33.341	66.682	957		2.778	48.043	13.370	14.136	4.242	6.262	4.242	4.172	2.778		111.137
Innb. Lottó m	122.399	12.240	36.720	73.439	957	0	3.060	52.912	14.724	15.568	4.671	6.897	4.671	4.595	3.060	0	122.399
Innb. Lottó ap	146.186	14.619	43.856	87.712	957	0	3.655	63.195	17.586	18.594	5.579	8.237	5.579	5.488	3.655	0	146.186
Innb. Lottó m	146.186	14.619	43.856	87.712	957	0	3.655	63.195	17.586	18.594	5.579	8.237	5.579	5.488	3.655	0	146.186
Innb. Lottó jún	87.553	8.755	26.266	52.532	957	0	2.189	37.848	10.532	11.136	3.342	4.933	3.342	3.287	2.189	0	87.553
Innb. Lottó júl	113.466	11.347	34.040	68.080	957	0	2.837	49.050	13.650	14.432	4.331	6.394	4.331	4.259	2.837	0	113.466
Innb. Lotto ág	204.139	20.414	61.242	122.483	957	0	5.103	88.247	24.557	25.965	7.791	11.503	7.791	7.663	5.103	0	204.139
Innb. Lotto se	113.272	11.327	33.982	67.963	957	0	2.832	48.966	13.626	14.408	4.323	6.383	4.323	4.252	2.832	0	113.272
Innb. Lotto ok	130.798	13.080	39.239	78.479	957	0	3.270	56.542	15.735	16.637	4.992	7.370	4.992	4.910	3.270	0	130.798
Innb. Lotto nó	126.038	12.604	37.811	75.623	957	0	3.151	54.485	15.162	16.031	4.810	7.102	4.810	4.731	3.151	0	126.038
Innb. Lotto de	127.889	12.789	38.367	76.733	957	0	3.197	55.285	15.385	16.267	4.881	7.206	4.881	4.801	3.197	0	127.889
Viðbótarúthlu	48.555	4.856	14.567	29.133	957	0	1.214	20.990	5.841	6.176	1.853	2.736	1.853	1.823	1.214	0	48.555
Samtals kr.	**1.610.395**	**161.040**	**483.119**	**966.237**		**0**	**40.260**	**696.155**	**193.727**	**204.833**	**61.463**	**90.742**	**61.463**	**60.453**	**40.260**	**0**	**1.610.395**
					Kennitala:		520107-1500	680197-2029	580169-7759	590690-1049	430693-2479	450290-2629	701092-2369	670898-2889	540602-3280		
					Reikningsnr.		0582-26-681	1167-26-0144	582-26-2550	582-26-1987	1167-26-2500	0582-26-3443	1167-26-1213	582-26-181	0582-26-73		
							7.562	130.759	36.388	38.474	11.545	17.044	11.545	11.355	7.562	0	302.482

Fundargerð Ársþings Íþróttabandalags Vestmannaeyja 15. maí 2008

1. Þingsetning. Þing setti formaður bandalagsins Þór Í Vilhjálmsson og bauð þingfulltrúa velkomna

2. Kosin kjörbréfanefnd þ.e. Jóhann Pétursson, Baldvin Johnsen og Óðinn Steinsson.

3. Þingforseti kjörinn Hörður Óskarsson ritari Arndís Sigurðardóttir.

4. Þór formaður flutti skýrslu stjórnar Íþróttabandalagsins.

5. Gísli Valtýsson greindi frá reikningum stjórnar umræður voru engar og voru reikningar og skýrsla stjórnar samþykktir samhljóða.

6. Aðildarfélögin fluttu skýrslur félaga, Helgi Bragason vísaði í skýrslu Golfklúbbsins, en skýrslur flestra aðildarfélaga er í ársriti Íþróttabandalags Vestmannaeyja. Jóhann Pétursson ræddi vítt og breitt um,íþróttalífið Knattspyrnu kvenna sem á að endurvekja í sumar, fall handboltadeilda karla, fjárhag íþróttafélaga og að menn þurfi að gæta hófsemi í eyðslu. Ferðakostnað og styrk ferðanefndar. Baldvin Johnsen segir körfubolta í miklum uppgangi, 2. sæti í minnibolta og deildin hafi skilað rekstrarafgangi.

Jóna formaður Óðins talaði um aðstöðuna og fannst hún ekki góð, vantar tæki.

Kristín frá Rán gat þess að Fimleikafélagið Rán verði 20 ára á árinu.

Hjá Ægi sagði Margrét gott ár og gróska í félaginu .

Óðinn frá K.F.S. Þeir sendu enga skýrslu, en flutti munnlega, Stærsti tekjupóstur er getraunir. 40-50 leikmenn æfa og mikil hreyfing.

7. Engar lagabreytingar.

8. Engar tillögur lágu fyrir þinginu.

9. Engar nefndir kosnar.

10. Lögð fram uppástunga um formann næsta árs, Þór Í Vilhjálmsson.

11. Ekkert undir þessum lið. 12. Þarf ekki að kjósa núna.

13.a) Þór formaður,b) aðrir í stjórn Gísli, Leifur, Arndís og Birgir Guðjónsson kom inn fyrir Björn Þorgrímsson. C) Eygló Kristinsdóttir og Aðalsteinn Sigurjónsson. d) Sólveig Adólfsdóttir Jóhann Pétursson Helgi Bragason, Kristín Ásmundsdóttir, Egill Arngrímsson.

14. Ýmis mál. Jóhann Pétursson, Baldvin Johnsen, Páley Borgþórsdóttir, Gísli Valtýsson og Þór Vilhjálmsson tóku öll til máls. Rætt var um parket á gamla íþróttahúsið, rekstrarstyrki frá bænum, sem var frestað vegna rangra talna um fjölda. Þór vonar að hægt sé að treysta félögun fyrir réttum skýrslum og átelur Bæinn fyrir sambandsleysi.

Lög Íþróttabandalags Vestmannaeyja

Samþykkt á ársþingi 17. maí 2001

1. kafli
Tilgangur og markmið

1. gr.
Íþróttabandalag Vestmannaeyja (skammstafað ÍBV) er héraðssamband íþróttafélaga í Vestmannaeyjum. Það var stofnað 6. maí 1945 samkvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalögum nr. 25 frá 12. febrúar 1940.

2. gr.
Tilgangur ÍBV er:
a) Að vinna að eflingu, samræmingu og skipulagningu á íþróttastarfsemi allra áhugamanna í Vestmannaeyjum í samræmi við íþróttalögin og reglur ÍSÍ.
b) Að hafa foystu í sameiginlegum félagsmálum og efla samvinnu íþróttaiðkenda í Vestmannaeyjum, svo og vera sameiginlegur fulltrúi félaganna utan héraðs.
c) Að vinna að framkvæmdum sem miða að því að efla íþróttaiðkanir innan héraðsins, svo sem að byggingu og endurbótum á sameiginlegum íþróttamannvirkjum og að aðstoða einstök félög við slíkar framkvæmdir.
d) Að sjá um rekstur og viðhald sameiginlegra íþróttamannvirkja, ef ekki er öðruvísi kveðið á um þau.
e) Að vinna að sameiginlegum fjármálum með því að koma styrkbeiðnum á framfæri og útvega styrki svo og að úthluta sameiginlegu styrktarfé til íþróttamannvirkja og kennslustarfsemi, bæði verklegrar og bóklegrar.
f) Að útvega kennara og tæki til þjálfunar og fræðslu, sé þess óskað.
g) Að annast íþróttaleg sérmál og hagsmuni sérgreinar, ef sérráð fyrir þá íþróttagrein er ekki starfandi.
h) Að gangast fyrir stofnun félaga, sem ásamt þjálfara annast öll mál viðkomandi íþróttagreinar.
i) Að sjá um afgreiðslu ágreiningsmála sem kunna að koma upp innan héraðsins.
j) Að taka á móti tilkynningum um komu íþróttaflokka á bandalagssvæðinu og tilkynningum frá bandalagsfélögum um ráðgerðar íþróttaferðir þeirra úr héraði. Ennfremur að skera úr ágreiningsmálum er varða þessi atriði, ef fyrir koma.
Bandalaginu er heimilt að fela viðkomandi félögum að sjá um þessi mál undir yfirumsjón bandalagsstjórnarinnar.
k) Að segja álit sitt á íþróttamálum, íþróttamannvirkjum, o.s.frv.
l) Að annast skýrslugerðir um íþróttmál á bandalagssvæðinu.
m) Að vera milliliður milli Tryggingastofnunar og einstakra félaga.
n) Að sjá um framkvæmd á læknisskoðun íþróttamanna.
o) Að sjá um að unnið sé að bindindismálum og útrýmingu skaðnautna meðal bandalagsfélag.
p) Að hafa yfirumsjón með og þar með úrskurðarvald um niðurröðun á íþróttamótum í héraðinu.
q) Að hafa yfirumsjón með héraðsmótum og úrskurðarvald í málum sem valda ágreiningi milli þjálfara og sérráða.
r) Aða hafa forgöngu um að örva íþróttaiðkanir og keppni um íþróttamerki.

II. kafli
Réttindi og skyldur bandalagsfélaganna

3. gr.
Öll þau félög í Vestmannaeyjum sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni eiga rétt á að ganga í ÍBV, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem á hverjum tíma eru gildandi um frjálsa íþróttastarfsemi.

4. gr.
Óski félag að ganga í ÍBV, sendir það stjórn ÍBV umsókn sína, ásamt lögum félagsins, skýrslur um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

5. gr.
Félögin skulu senda ársskýrslu til stjórnar bandalagsins fyrir lok mars ár hvert. Stjórn ÍBV sendir síðan heildarskýrslu til ÍSÍ.

6. gr.
Skattur bandalagsfélaganna til ÍBV er sá skattur sem samþykktur er á ársþingi ÍBV. Skýrslu- og reikningsár ÍBV fylgir almanaksárinu.

7. gr.
Félag, sem ekki hefur sent ársskýrslu sína fyrir ársþing missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBV. Líði ár án þess að félagið geri skil á skýrslum skal ársþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr ÍBV.

8. gr.
Víkja má félagi úr ÍBV um stundarsakir, ef það brýtur gildandi lög um íþróttamál, svo sem lög, reglur og ákvæði ÍBV, lög sambanda sem bandalagið er aðili að, svo og lög og reglur ÍSÍ.

9.gr.
Félag sem misst hefur réttindi vegna lögbrota eða vanskila getur ekki öðlast þau aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsiákvæðum eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil.

10. gr.
Sérhvert félag innan ÍBV á rétt á að senda fulltrúa á ársþing bandalagsins. Skal tala fulltrúa félaganna miðuð við tölu félagsmanna þannig, að félög með 50 félagsmenn eða færri hljóti 1 fulltrúa, en síðan komi 1 fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn þar fram yfir. Stjórnir félaga skulu útfylla kjörbréf fyrir fulltrúa sína á eyðublað, sem ÍBV leggur til og sjá um að það sé komið á ársþingið, þegar það er sett.

III. kafli
Ársþing ÍBV

11. gr.
Ársþing ÍBV er fulltrúaþing. Það skal haldið árlega á tímabilinu 15. apríl til 15. maí. Boða skal þingið bréflega með minnst mánaðar fyrirvara og senda boð stjórnum bandalagsfélaganna svo og öðrum þeim aðilum sem rétt eiga á þingsetu sbr. 12. gr. Þingboðinu skal fylgja ársskýrsla og reikningar ÍBV, dagskrá þingsins svo og eyðublöð undir kjörbréf fulltrúa ásamt upplýsingum um það hve marga fulltrúa eigi að senda. Ennfremur skulu fylgja þær tillögur og þau mál sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið. Jafnframt skal hvert félag minnt á að allar tillögur og mál sem óskast lögð fyrir þingið skulu hafa borist stjórn ÍBV viku fyrir þinghald.

Telji félag að fulltrúatala þess sé rangt tilgreind skal það senda stjórn ÍBV kæru um það áður en vika er liðin frá því tilkynning um fulltrúatölu var send út.

12. gr.
Rétt til setu á ársþingi ÍBV eiga allir fulltrúar bandalagsfélaga samkvæmt 10. gr. Þá hafa rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti; Stjórn og varastjórn ÍBV, framkvæmdastjóri ÍSÍ, ásamt íþróttafulltrúa ríkisins, æskulýðs- og íþróttafulltrúi Vestmannaeyjabæjar og fulltrúi frá hverju landssambandi, sem ÍBV er aðili að.

13. gr.
Verkefni ársþingsins eru:
1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörnefndar
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og tveggja ritara
4. Skýrsla stjórnar og umræður
5. Reikningar stjórnar, umræður og atkvæðagreiðsla
6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja
8. Ræddar tillögur er fyrir liggja
9. Kosnar fimm þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, íþróttanefnd, laganefnd og kjörnefnd. Eru fimm menn í hverri þeirra.
10. Lagðar fram uppástungur um formann ÍBV fyrir næsta ár.

Þinghlé

11. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla
12. Kosning fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ.
13. a) Kosinn formaður ÍBV
    b) Kosin stjórn ÍBV
    c) Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara
d) Kosið í aganefnd, laganefnd, valnefnd og aðrar nefndir, ef tillögur hafa borist
14. Ýmis mál
15. Þingslit

Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar, skal vísa til nefnda og starfa þær á þinginu. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar nema ef ekki eru fleiri tilnefndir heldur en kjósa á. Þá eru þeir sjálfkjörnir án atkvæðagreiðslu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar eftir því sem aðstæður leyfa.

14. gr.
Aukaþing skal halda, ef tilmæli koma um það samkvæmt fundarsamþykkt frá meirihluta bandalagsfélaganna. Einnig skal halda aukaþing ef stjórn landssambands sem ÍBV er aðili að mælist til þess. Boða skal til aukaþings ef meirihluti stjórnar ÍBV telur ástæðu til þess. Boða skal til aukaþings bréflega með tveggja vikna fyrirvara. Hafa bandalagsfélögin sömu fulltrúa og á næsta ársþingi á undan, sbr. 10. gr. síðustu málsgreinar.
Þetta er starf aukaþings:
1. Þingsetning
2. Kosnir þingforsetar og þingritarar sbr. 13.gr.3
3. Tekin til meðferðar mál þau sem gefið hafa tilefni til aukaþings og tilkynnt voru með þingboðinu.
4. Önnur mál, sem upp kynna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir sbr. 15. gr.
5. Þingslit

Á aukaþingi ÍBV má ekki gera breytingar á lögum eða reglum ÍBV né kjósa í stjórn þess nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Kjósa má fulltrúa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraði.

15. gr.
Í málum þeim, sem tilkynnt hafa verið í þingboðinu, ræður einfaldur meirihluti úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta atkvæða fundarmanna til að samþykkja lagabreytingar. Um þau mál sem ekki koma fram fyrr en á þinginu þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að þau verði tekin á dagskrá og 4/5 hluta til þess að þau hljóti fulla afgreiðslu.

16. gr.
Atkvæðisrétt á þingum ÍBV hafa aðeins fulltrúar frá bandalagsfélögum ÍBV skv. 10. gr. og fer enginn með meira en eitt atkvæði.
Bandalagsfélag getur misst réttindi að meira eða minna leyti vegna dómsúrskurðar frá dómstóli ÍSÍ og tala þeirra fulltrúa sem það á rétt á þannig breyst milli þinga.

IV. kafli
Stjórn ÍBV og starfssvið

17. gr.
ÍBV stjórna fulltrúar sem til þess hafa verið kjörnir á ársþingi ÍBV til eins árs í senn. Formaður skal kjörinn sérstaklega sbr. 13. gr. 13a-13b.
Aðrir skulu kjörnir sbr. 13.gr. 13b, fjórir aðalmenn og fjórir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

18. gr.
Stjórn ÍBV skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess. Stjórninni skal heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda, til þess að sjá um og framkvæma viss mál bandalagsins. Formaður skal kalla saman stjórnarfundi minnst einu sinni í mánuði. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarinnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglu. (Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði verða jöfn).

19. gr.
Í þeim íþróttagreinum, þar sem stjórnir eru ekki starfandi ferð stjórn ÍBV með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd, ef hún telur það hagkvæmara. Stjórn ÍBV fer með stjórn í sérmálum þeirra íþróttagreina, sem það varðar. Sjá þó 2. gr.r. Reglur varðandi verðlaunagripi til keppni innan héraðs skulu háðar samþykkir stjórnar ÍBV.

20. gr.
Stjórnir félaga skulu veita viðtöku öllum skýrslum um íþróttamót, sem haldin eru í héraðinu og geyma þær í skjalasafni sínu. Sé mót haldið í sérgrein þar sem félag er ekki til, skal félag það er fyrir mótinu stendur, senda skýrslu um það beint til stjórnar ÍBV svo og heildarskýrslur um íþróttamót í sinni grein. Sömu skyldur hvíla á stjórn ÍBV, ef hún gengst fyrir mótum. Skýrslur um mót skal senda í síðasta lagi mánuði eftir að móti er lokið, en stjórnir senda ársskýrslur sínar fyrir lok október árlega. Allar skýrslur skal senda í tvíriti til stjórnar ÍBV, sem svo sendir annað eintakið til stjórnar ÍSÍ. Um fjárhagslega aðstoð bæjar-, ríkis- eða landssambanda svo og byggingu, viðhald og rekstur íþróttamannvirkja er félög háð yfirstjórn ÍBV.

21. gr.
Að loknu ársþingi gefur formaður ÍBV út skírteini handa stjórninni er gilda næsta starfstímabil og veita henni ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum á bandalagssvæðinu.

22.gr.
Dómstólar ÍSÍ hafa lögsögu í málefnum ÍBV í samræmi við ákvæði laga ÍSÍ.

Reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga Íþróttabandalags Vestmannaeyja

1. grein.
Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja skal veita þeim sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum heiðursviðurkenningu eftir því sem segir í reglugerð þessari

2. grein
Heiðursviðurkenningarnar eru þessar:
1. Heiðurskross ÍBV úr gulli
2. Heiðursmerki ÍBV úr gulli
3. Heiðursmerki ÍBV úr silfri
4. Bandalagsmerki ÍBV
5. Starfsmerki ÍBV

3. grein
Stjórn Íþróttabandalags Vestmanneyja gerir tillögu um veitingu heiðursviðurkenninga og skal hún samþykkt af 4/5 hluta stjórnar. Heiðursviðurkenningarnar skulu einungis afhentar á ársþingi ÍBV eða við hátíðleg tækifæri.

4. grein
Heiðurskross ÍBV úr gulli er æðsta heiðursviðurkenning Íþróttabandalags Vestmanneyja, sem veitis einungis undir sérstökum kringumstæðum og þá helst ekki öðrum en þeim sem áður hafa hlotið Heiðursmerki ÍBV úr gulli eða silfri.

5. grein
Heiðursmerki ÍBV úr gulli er næst æðsta heiðursviðurkenning Íþróttabandalags Vestmannaeyja.
Við veitingu gullmerki ÍBV skal tekið mið af því að sá sem veita á merkið hafi áður verið veitt silfurmerki ÍBV og hafi staðið í forystusveit íþróttamála í Vestmannaeyjum og unnið þeim vel og dyggilega.

6. grein
Heiðursmerki ÍBV úr silfri skal einungis veita þeim sem unnið hafa vel og dyggilega fyrir íþróttahreyfinguna í áratug eða lengur.

7. grein
Bandalagsmerki ÍBV má veita öllum sem starfað hafa vel fyrir bandalagið svo og þeim sem stjórn ÍBV telur ásæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd íþróttamálum.

8. grein.
Starfsmerki ÍBV skal veita þeim sem unnið hafa íþróttaafrek á vegum ÍBV, skarað fram úr eða unnið landsmót undir nafni ÍBV.
Stjórnir aðildarfélaga ÍBV og ráða innan ÍBV skulu gera tillögur til stjórnar ÍBV um hverjum skuli veitt merkið.
Merkið má aðeins veita einu sinni.

9. grein
Heimilt er með samþykkt allra stjórnarmanna ÍBV að veita mönnum utan Vestmannaeyja viðurkenningar er um getur í reglugerð þessari, ef viðkomandi hefur að mati stjórnar unnið ómetanleg störf fyrir Íþróttabandalag Vestmannaeyja eða íþróttamál í Vestmannaeyjum.

10.grein
Stjórn Iþróttabandalags Vestmannaeyja skal halda gerðabók þar sem skrá skal handhafa heiðursviðurkenninga ÍBV.

11.grein
Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar ÍBV hafa einir rétt til þess að bera þær og er óheimilt að láta þær af hendi.

12.grein
Reglugerð þessari verður einungis breytt á ársþingi Íþróttabandalags Vestmannaeyja.

13.grein
Reglugerð öðlast þegar gildi.
Þannig samþykkt á ársþingi Íþróttabandalags Vestmannaeyja haldið 15. og 29. dsember 1990.

Heiðursveitingar Íþróttabandalags Vestmannaeyja

Silfurmerki:

Magnús H. Magnússon	1970
Sigurgeir Kristjánsson	1970
Helgi Bergvinsson	1971
Bjarnhéðinn Elíasson	1971
Sigurgeir Ólafsson	1971
Guðjón Magnússon	1971
Ingólfur Arnarson	1971
Lárus Ársælsson	1971
Jónas Sigurðsson	1971
Guðný Gunnlaugsdóttir	1971
Sigurður Jónsson	1971
Adólf Óskarsson	1971
Viktor Helgason	1971
Kristinn Sigurðsson	1971
Magnús Grímsson	1971
Valdimar Kristjánsson	1971
Guðmundur Guðmundsson	1971
Marteinn Guðjónsson	1971
Bragi Steingrímsson	1972
Hermann Kr. Jónsson	1976
Atli Elíasson	1976
Guðmundur Þ. B. Ólafsson	1997
Jóhannes Ólafsson	1998
Jóhann Jónsson	1998
Birgir Guðjónsson	1998
Guðlaug Hjelm	1998
Magnús Gísli Magnússon	1998
Sigursteinn Óskarsson	1998
Helgi Sigurlásson	1998
Þorsteinn Jónsson	1998
Einar Friðþjófsson	1998
Björn Elíasson	1998
Kristmann Karlsson	1998
Hólmfríður Júlíusdóttir	1998
Björgvin Eyjólfsson	1998
Guðrún Ragnarsdóttir	1998
Ólafur Jónsson	1998
Bergvin Oddsson	1998
Guðjón Rögnvaldsson	1998
Guðjón Hjörleifsson	1998
Jóhann Pétursson	1998
Einar Gylfi Jónsson	1998
Sigurjón Birgisson	1998
Ingibjörg B. Jóhannesdóttir	1998
Eggert Garðarsson	1998
Tryggvi Kr. Ólafsson	1998
Guðmundur Jensson	1998
Guðni Hjörleifsson	1998
Friðbjörn Valtýsson	1998
Arngrímur Magnússon	1998
Sæfinna Sigurgeirsdóttir	1998
Hanna Þórðardóttir	1998
Sigríður Magnúsdóttir	1998
Bergljót Blöndal	1998
Ólöf A.Elíasdóttir	1998
Ragnheiður Mikaelsdóttir	1998
Jósúa Steinar Óskarsson	1998
Stefán Agnarsson	1998
Stefán Jónasson	1998
Þorvarður Þorvaldsson	1998
Stefán Jónsson	1998
Haraldur Óskarsson	1998
Magnús Magnússon	1998
Einar Jónsson	1998
Böðvar Bergþórsson	1998
Hallgrímur Júlíusson	1998
Haraldur Júlíusson	1998
Leifur Gunnarsson	1998
Þorsteinn Hallgrímsson	1998
Sigurður Þ. Sveinsson	1998
Elías B. Angantýsson	1998
Ólafur F. Guðjónsson	1998
Gunnar Guðnason	1998
Gunnar Svavarsson	1998
Sigurður Guðnason	1998
Sighvatur Bjarnason	1999
Sigmar Þröstur Óskarsson	1999
Sigbjörn Óskarsson	2000
Andrea Atladóttir	2000
Ingibjörg Jónsdóttir	2000
Vigdís Sigurðardóttir	2000
Georg Þór Kristjánsson	2000
Geir Sigurlásson	2000
Bjarni Jóhannsson	2000
Hjalti Kristjánsson	2000
Sveinn Þorsteinsson	2000
Arndís Sigurðardóttir	2000
Eyþór Harðarson	2002
Magnús Bragason	2003
Óskar Freyr Brynjarsson	2003
Stefanía Guðjónsdóttir	2003
Unnur Sigmarsdóttir	2003
Hörður Óskarsson	2004
Ómar Garðarsson	2004
Sigurlás Þorleifsson	2004
Þórunn Ingvarsdóttir	2004
Hlynur Stefánsson	2004
Heimir Hallgrómsson	2004
Hlynur Sigmarsson	2005
Páll Marvin Jónsson	2005
Kári Vigfússon	2006
Ragnheiður Víglundsdóttir	2006
Jóna Ágústsdóttir	2006
Guðný Einarsdóttir	2006
Svavar Valtýr Stefánsson	2007
Viktor Ragnarsson	2007
Tryggvi Már Sæmundsson	2008
Bergur Sigmundsson	2008
Kristján Ólafsson	2008
Helgi Bragason	2008

Gullmerki:

Friðrik Jesson	1971
Bergsteinn Jónasson	1971
Karl Jónsson	1971
Guðlaugur Gíslason	1971
Jóhann Vilmundarson	1971
Valtýr Snæbjörnsson	1971
Martin Tómasson	1971
Stefán Runólfsson	1971
Eggert Sigurlásson	1971
Gísli Halldórsson	1971
Albert Guðmundsson	1971
Viktor Helgason	1972
Guðjón Ólafsson	1975
Húnbogi Þorkelsson	1976
Þór I. Vilhjálmsson	1998
Bragi Steingrímsson	1998
Gísli Valtýsson	1998
Jóhann Ólafsson	1998
Sigurður Jónsson	1998
Sigríður Ólafsdóttir	1998
Hermann Kr. Jónsson	1998
Vignir Guðnason	1998
Aðalsteinn Sigurjónsson	1998
Sólveig Adólfsdóttir	1998
Atli Elíasson	1998
Ólöf Elíasdóttir	2000
Björgvin Eyjólfsson	2000
Þorvarður Þorvaldsson	2000
Guðrún Ragnarsdóttir	2000
Eygló Kristinsdóttir	2000
Grímur Guðnason	2000
Guðmundur Þ.B. Ólafsson	2004
Jóhann Jónsson	2007
Stefán Jónasson	2008
Haraldur Óskarsson	2008
Hörður Óskarsson	2008

Gullkross:

Magnús Grímsson	1997
Guðjón Magnússon	1997
Adólf Óskarsson	1998
Guðný Gunnlaugsdóttir	1998
Húnbogi Þorkelsson	1998
Stefán Runólfsson	1998
Gunnar Stefánsson	1998
Marteinn Guðjónsson	1998
Jóhann Ólafsson	2005
Bragi Steingrímsson	2005

Íþróttamenn Vestmannaeyja

Byrjað var að tilnefna Íþróttamann Vestmannaeyja árið 1978. Sá Rótarýklúbbur Vestmannaeyja um valið til ársins 1982. Þá tók Íþróttabandalag Vestmannaeyja við valinu og viðhafði kosningu meðal bæjarbúa. En frá árinu 1986 hefur valið verið í höndum sérstakrar valnefndar, sem kjörin hefur verið á ársþingum Íþróttabandalagsins.

1978 Óskar Sigurpálsson, lyftingamaður
1979 Gunnar Steingrímsson, lyftingamaður
1980 Páll Pálmason, knattspyrnumaður
1981 Sigmar Þröstur Óskarsson, handknattleiksmaður
1982 Sigfríð Björgvinsdóttir, sundkona
1983 Gylfi Garðarsson, kylfingur
1984 Árni Sigurðsson, sundmaður
1985 Þorsteinn Gunnarsson, knattspyrnumaður
1986 Birgir Ágústsson, kylfingur
1987 Sindri Óskarsson, kylfingur
1988 Nökkvi Sveinsson, knattspyrnumaður
1989 Sigurður Gunnarsson, handknattleiksmaður
1990 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1991 Sigmar Þröstur Óskarsson, handknattleiksmaður
1992 Þorsteinn Hallgrímsson, kylfingur
1993 Þorsteinn Hallgrímsson, kylfingur
1994 Andrea Elín Atladóttir, handknattleikskona
1995 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1996 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1997 Hlynur Stefánsson, knattspyrnumaður
1998 Hlynur Stefánsson, knattspyrnumaður
1999 Birkir Kristinsson, knattspyrnumaður
2000 Ingibjörg Jónsdóttir, handknattleikskona
2001 Íris Sæmundsdóttir, knattspyrnukona
2002 Vigdís Sigurðardóttir, handknattleikskona
2003 Ingibjörg Jónsdóttir, handknattleikskona
2004 Margrét Viðarsdóttir, knattspyrnukona
2005 Örlygur Helgi Grímsson, kylfingur
2006 Sæþór Ólafur Pétursson, hnefaleikamaður
2007 Sigurður Bragason, handknattleiksmaður
2008 Andri Ólafsson, knattspyrnumaður

Íþróttamaður æskunnar

Ársþing Íþróttabandalags Vestmannaeyja, haldið 8. maí 2003, samþykkti að taka upp sérstaka viðurkenningu, og sá er hana hlyti, fengi nafnbótina Íþróttamaður æskunnar. Skal sama valnefnd og sér um val á Íþróttamanni Vestmannaeyja, sjá um þá viðurkenningu.
Skal miða aldur Íþróttamanns æskunnar við 14 ára til og með 18 ára.

2003 Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona
2004 Tanja Björg Sigurjónsdóttir, fimleikakona
2005 Ester Óskarsdóttir, handknattleikskona
2006 Kristrún Hlynsdóttir, fimleikakona
2007 Arnór Eyvar Ólafsson, knattspyrnumaður
2008 Hallgrímur Júlíusson, golfari

Ársskýrsla Golfklúbbs Vestmannaeyja starfsárið 2008

Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 8. nóvember 2007 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn starfsárið 2007-2008 og skipti stjórn svo með sér verkum: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Hörður Óskarsson, gjaldkeri, Ragnar Baldvinsson, ritari og Böðvar Bergþórsson, meðstj. Til vara voru kjörnir Sigurjón Pálsson og Jón Pétursson

Haldnir voru 15 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum og ýmsir vinnufundir vegna sérstakra verkefna.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Páll Einarsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Kappleikjanefnd: Jón Pétursson form.
Vallarnefnd: Ragnar Baldvinsson form
Húsnefnd: Sigurjón Pálsson form.
Aganefnd: Kristján Ólafsson form.
Unglinga og afreksnefnd: Sigurjón Pálsson form.
Markaðs og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.
Kvennanefnd: Guðrún Erlingsdóttir form.
Öldunganefnd: Gísli Jónasson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir.
Vallarstjóri: Örlygur Helgi Grímsson.
Aðstoðarvallarstjóri: Guðgeir Jónsson
Yfirþjálfari: Karl Haraldsson

Auk þess starfaði fjöldi annarra starfsmanna hjá klúbbnum í ár eða um 20 manns, þar af fjórir unglingar frá vinnuskóla Vestmannaeyjabæjar.

Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV situr í stjórn GSÍ og er góður tengiliður klúbbsins við sambandið.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.



Mótahald

Eins og undanfarin ár var kappleikjahald á vegum klúbbsins líflegt og var skráð mótahald eftirfarandi:

Tegund fjöldi móta heildarfj þátt. Meðaltal
Vetrarmót 1 32 32
Sumarmót 18 1080 60
Lokuð mót/fyrirtæki 2 151 75
Samtals 21 1.283 62

Alls voru haldin 21 mót í ár, heildarþátttakendafjölda var 1.283 manns og meðalþátttaka því 62 kylfingar í móti.

Íslandsmótið í höggleik var haldið hér í Eyjum dagana 24 – 27 júlí keppendur voru 120 í karla- og kvennaflokki. Íslandsmeistari karla varð Kristján Þór Einarsson GKJ og Íslandsmeistari kvenna varð Helena Árnadóttir GR. Mótið tókst í alla staði mjög vel og seint gleymast lokastundir mótsins, en bæði í flokki kvenna og karla endaði mótið í hörkuspennandi umspili. 18 keppendur frá GV tóku þátt í mótinu og bestum árangri þeirra náði Júlíus Hallgrímsson en hann lauk keppni í 7.sæti.

Kaupþingsmótaröð unglinga var haldið hér 14-17 júní, keppendur voru samtals 127 og keppt var í 6 flokkum unglinga. GV átti 9 þátttakendur í mótinu og bestum árangri þeirra náði Hallgrímur Júlíusson en hann vann sigur í sínum flokki 13-14 ára.

Stærsta opna mót GV var eins og undanfarin ár Icelandair Volcano Open sem var nú haldið í fjórða skipti í samstarfi við Icelandair sem kom að mótinu með miklum myndarskap sem fyrr. Mótið var haldið goslokahelgina og byrjaði föstudaginn 4. júlí. Keppendur voru 176 og var skipt í tvo ráshópa, fyrri hópurinn hóf keppni báða dagana fyrir hádegi og seinni ráshópurinn eftir hádegi. Keppt var eins og áður með svokölluðu “shotgun” fyrirkomulag (allir ræstir út í einu). Icelandair Volcano open mótið er komið til að vera sem eitt vinsælasta opna mót sumarsins á landinu öllu og er undirbúningur fyrir mótið á næsta ári þegar hafinn og búist er við því að mótið fyllist snemma á næsta ári.

Önnur fjölmenn mót voru:
Afmælismót GV 21. júní 85
Opna Faxamótið 24. maí 70
Meistaramót GV 9. júlí 80 (yngri talin með)

Mótaskrá næsta árs liggur ekki fyrir en ákveðið hefur verið að Íslandsmót eldri kylfinga verður haldið hér í ágúst og fyrsta stigamót GSÍ í maímánuði.

Völlurinn og Golfskálinn

Völlurinn

Völlurinn var að vanda í góðu ástandi og fékk mikið lof frá þeim aðilum sem komu hingað til leiks

eða keppni. Vallaraðstæður á íslandsmótinu í höggleik voru frábærar og hélt völlurinn vel þó veður væri erfitt á köflum. Flatir voru í betra ástandi en nokkurn tímann áður og munar þar mikið um, að sögn vallarstarfsmanna, að við fengum valtara til notkunar á flatir.

Helstu framkvæmdir á og við völlinn voru þær að haldið var áfram vinnu við stígagerð m.a. við 7. teig og 14. teig og tókst sú vinna mjög vel. Mön við tækjageymslu var byggð upp og tyrft og auk þess tyrft og fíniserað við ýmsa teiga. Mikið var unnið að því að bæta útlit og ásýnd og þurfum við að halda áfram á þeirri braut. Fjölskylda Guðmundar Inga Guðmundssonar, Inga á Huginn, gaf glæsilega útiklukku sem setur mikinn svip á svæðið við golfskálann. Þá fengum við að gjöf glæsilega flaggstöng frá OLÍS sem stendur ofan við skálann.

Ekki var farið í stærri verk í skála. Borið var á skálann og pallinn og hann málaður. Þá var golfhermir tekinn niður og það herbergi nýtt m.a. í tengslum við stærstu viðburði okkar, hefur stjórn tekið þá ákvörðun að á næstu misserum skuli opnað úr golfhermisherbergi inní stóra salinn. Næstu verkefni í golfskála eru að klára innra herbergi á efri hæð, endurbæta eldhús og veitingasal og opna milli golfhermis og veitingasalar. Einnig hefur verið rætt um að gera geymslurými utan við skála fyrir rusl, kúluvél ofl. Hvenær farið verður í þessu verkefni verður að ráðast af efni, aðstæðum og þróun í fjármálum.

Stærstu verkefni næsta árs verða þau að klára framkvæmdir við tækjageymslu sem fara þarf í hið fyrsta. Einnig þarf að halda áfram við stígagerð og að fegra umhverfi vallarins. Kristín Einarsdóttir gaf klúbbnum myndarlega peningagjöf í sumar og er fyrirhugað að nota hana til að gera steinbrú yfir tjörn á 16. braut og hefur Ragnar Baldvinsson unnið hugmyndavinnu að því. Einnig eru uppi hugmyndir um að endurreisa gamlan kartöfluskúr við 1. teig og gera að ræsisskúr. Ýmsar hugmyndir sem þessar eru vel þegnar og æskilegt að félagsmenn og velunnarar styrki gerð þeirra með fjár- eða vinnu-framlagi.

Unglingastarf og afreksstarf

Unglinga og afreksstarf er mikilvægur þáttur í starfi klúbbsins, góðir kylfingar eru andlit klúbbsins út á við og þekking þeirra og afrek skilar sér til allra félagsmanna á ýmsan hátt.

Karlasveit GV keppti í 2. deild og fór keppnin fram á Akureyri. Sveit GV endaði í öðru sæti og keppir því í fyrstu deild á næsta ári. Sveitina skipuðu eftirtaldir aðilar: Liðsstjóri: Sigurður Bragason, aðstoðarliðsstjóri Sigurjón Aðalsteinsson, keppendur Júlíus Hallgrímsson, Örlygur Grímsson, Gunnar Geir Gústafsson, Karl Haraldsson, Þorsteinn Hallgrímsson, Grétar Þór Eyþórsson, Gísli Steinar Jónsson og Hallgrímur Júlíusson

Öldungasveit karla keppti í Sveitakeppni sem haldin var hjá Golfklúbbi Suðurnesja, sveit GV lauk ekki keppni og endaði þar af leiðandi í síðasta sæti. GV var með tvær sveitir a og b sveit í sveitakeppni 16 ára og yngri sem fram fór á Flúðavelli.

Báðar sveitirnar enduðu í 9.sæti. Sveitirnar skipuðu eftirtaldir: Liðsstjóri/þjálfari: Karl Haraldsson, keppendur: Hallgrímur Júlíusson, Jóhann Gunnar Aðalsteinsson, Bjarki Þór Ingason, Sigríður Lára Garðarsdóttir, Sveinn Sigurðsson, Theódór Ófeigsson, Kristgeir Orri Grétarsson og Jón Ingason.

Unglingar okkar hafa æfðu af kappi í sumar eins og undanfarin ár og var þjálfun þeirra í höndum Karls Haraldssonar. Karl er langt kominn með nám sitt sem golfkennari og væntum við mikils af vinnu hans fyrir klúbbinn. Árangur unglinga hefur verið góður og sjást merki um miklar framfarir og er hópurinn orðinn breiðari. Bestum árangri sumarsins náði Hallgrímur Júlíusson jr sem náði þeim glæsilega árangri að verða Íslandsmeistari í flokki 15 ára og yngri og stigameistari í sínum flokki á Kaupþingsmótaröðinni auk þess að vinna holukeppni. Varði hann því íslands- og stigameistaratitla sína frá síðasta ári. Sannarlega glæsilegt sumar hjá Hallgrími sem er í afreksverkefnum hjá GSÍ.

Golfævintýri Glitnis var haldið að venju í sumar og tóku 68 krakkar þátt í mótinu, mótið tókst mjög vel. Undanfarin ár hefur ekki verið nægjanlgur vilji og eða áhugi hjá klúbbum á fastalandinu að styðja við þátttöku sinna krakka á Golfævintýrinu.

Stærri klúbbarnir hafa látið í ljós áhuga sinn á því að koma frekar með sína unglinga í æfingabúðir til okkar og fá okkar unglinga í æfingabúðir til sín á mót. Golfævintýið í Eyjum er orðið barn síns tíma, því óbreyttur þátttakendafjöldi stendur tæplega undir útgjöldum sem mótinu fylgir.

Golfskóli Sparisjóðsins starfaði eins og undanfarin ár og gekk mjög vel. Þátttakendur voru um 100 og ánægjulegt að sjá hversu öflugur golfskólinn er orðinn. Starfsemi skólans gekk vel og voru foreldrar og nemendur mjög ánægð með sumarið. Í ár var farin

sú leið að skipta þátttakendum í þrjá aldursflokka, hver flokkur æfði í 1,5 klst daglega í stað 2 klst sl.ár. þessi breyting kom mjög vel út. Eins og fram hefur komið er Karl Haraldsson yfirþjálfari hjá GV og sá hann um golfskólann, með honum störfuðu þau Elísa Viðarsdóttir, Sveinn Siguðrssson og Hallgrímur Júlíusson. Einnig kom Arnsteinn Jóhannesson að unglingastarfi GV á þessu ári Golfklúbbur Vestmannaeyja hefur í gegnum tíðina haft ríkan metnað til þess að standa sig vel í öllu barnastarfi enda eru hér á ferðinni okkar framtíðarkylfingar og starfsemin mikilvæg í æskulýðsstarfi Eyjanna. Hefur klúbburinn nú uppfyllt skilyrði sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ sem er góður gæðastimpill á starfið.

Félagsstarf og afmælisár

Á þessum aðalfundi verður GV formlega 70 ára en klúbburinn var stofnaður á Hótel Berg þann 4. desember 1938. Á þessum 70 árum hefur ýmislegt verið gert og ótrúlegt hvað jafn lítill klúbbur hefur áorkað á þessum tíma. Dugnaður, elja og sterkur félagsþroski margra félagsmanna á hverjum tíma í bland við „þjóðernisstolt“ og smá grobb yfir okkar frábæra velli hefur komið okkur jafn langt og raun ber vitni.

Í sumar var formlega gefin út saga GV sem tekin var saman af Sigurgeiri Jónssyni og tókst sú vinna vel. Ber að þakka Sigurgeir fyrir hans framlag við bókarritunina sérstaklega en álíka samningur og Sigurgeir gerði við GV næðist ekki í dýpstu kreppu. Við þurfum að halda vel um okkar félagsstarf, efla andann og fjölga félögum, hvort sem er Eyjumönnum eða öðrum aðilum búsettum á fastalandinu eða erlendis.

Fjármál og rekstur

Gjaldkeri mun gera grein fyrir ársreikningi klúbbsins hér á eftir. Daglegur rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og hafa tekjur hækkað um 15% á milli ára, eru nú um 42.500.000. Hækkunin er aðallega tilkomin vegna stærri viðburða/móta og meiri notkunar á vellinum.

Rekstrarkostnaður eykst einnig um 10% aðallega vegna verðlagshækkana og launa.

Langtímaskuldir klúbbsins eru í JPY og CHF og hafa hækkað mikið á milli ára vegna veikingar krónunnar. Gjalddagi lánanna er í óktóbermánuði og er næsti gjalddagi í október árið 2009, lánin eru í skilum en verði ekki breyting á gengi krónunnar til styrkingar er ljóst að fara þarf yfir málin með lánadrottnum félagsins. Lausafjárstaða GV er góð en til eru í dag um 7 milljónir króna í lausu fé.

Óljóst er hvaða áhrif þær miklu sviptingar sem

orðið hafa í efnahagslífi þjóðarinnar kunna að hafa á rekstur GV. Ljóst er að eitthvað verður erfiðara að ná í styrki og auk þess er víst að ýmsar rekstrarvörur munu hækka í verði. Öllum breytingum fylgja þó önnur tækifæri. sem dæmi er næsta víst að utanlandsferðum golfara mun fækka en í staðinn munu golfarar væntanlega ferðast meira innanlands. Hvað er betra en "hálfutanlandsferð" á einn besta völl í Evrópu og geta borgað allt í íslenskum krónum. Við þurfum að leggja áherslu á ferðir innlendra kylfinga og jafnvel erlendra þó fjöldi þeirra muni ekki gera gæfumuninn að sinni amk. Eins og að framan greinir hefur veiking á gengi krónunnar mikil áhrif á efnahag klúbbsins en þau áhrif ganga vonandi til baka.

Stjórn gerir tillögu um óbreytt árgjöld kr. 45.000 fyrir fullgreiðandi og 25.000 fyrir nýliða, unglinga- og barnagjöld verða óbreytt. Þrátt fyrir miklar verðhækkanir og útlit fyrir aukinn rekstrarkostnað vill stjórn gera vel við félaga í GV og er áfram í lægsta flokki árgjalda á 18 holu velli. Stjórn leggur áherslu á að gera vel við félagsmenn og tengja vel saman félagana og klúbbinn, það er einkum á tímum þegar aðeins þrengir að sem félagsmenn þurfa að koma sterkir inn í allt sjálfboðaliðastarf á vegum klúbbsins.

Að endingu

Eins og að framan segir hafa verið miklar sviptingar í efnahags- og fjármálalífi landans og víða hefur tekið vel í. Áhrifin eiga ekki að verða mikil á dag-lega starfsemi GV. Við höfum tekið vel til í okkar rekstri og hugsað um hverja krónu og það kemur sér vel í dag, við þurfum áfram að fara vel með og huga að nýjum leiðum til að efla félagsandann, notkun á vellinum og nýjar og skynsamari leiðir í rekstri. Við eigum frábæra aðstöðu sem við munum búa að um aldur og ævi og það þarf meira en fjármálakreppu til að skemma fyrir okkur golfið, eitt eldgos ýtti okkur aðeins af vellinum á sínum tíma en menn komu tví-efldir til baka. Ég hvet því félagsmenn til bjartsýni og áframhaldandi uppbyggingar á þeim gullmola sem við eigum.

Í vetur verður skrifstofa opin virka daga frá 14.00 – 16.00 þar sem daglegum rekstri klúbbsins verður stjórnað af framkvæmdastjóra. Kaffifundir á þriðjudögum eru vel sóttir, hvetjum við alla til að mæta í kaffi og spjall, gott spjall er undanfari margra góðra verka.

Ég vil að lokum þakka stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 4. des. 2008

f.h. stjórnar.

Helgi Bragason, formaður

Ársskýrsla Fimleikafélagsins Ránar starfsárið 2008

Á síðasta aðalfundi Fimleikafélagsins Ránar, var stjórn kosin eftirfarandi:

Formaður: Kristín Ásmundsdóttir
Varaformaður: Anna Hulda Ingadóttir
Gjaldkeri: Una Þóra Ingimarsdóttir
Innheimta: Guðbjörg Guðjónsdóttir
Ritari: Svava Gunnarsdóttir
Til vara: Helga Henríetta Äberg og Jóna Kristín Guðmundsdóttir
Svava hætti síðar og Jóhanna Inga Jónsdóttir kom inn.

Í byrjun febrúar fóru 4 stelpur á Þrepamót í áhaldafimleikum.

Í lok febrúar var farið á bikarmót í hópfimleikum.

Vestmannaeyjamót var haldið í apríl og Vestmannaeyjameistarar urðu eftirfarandi:
Áhalda 6.þrep: Kristín Rós Sigmundsdóttir
Áhalda 5 þrep: Elísabet Bára Baldursdóttir
Áhalda pilta, 5 þrep: Gunnar Þór Stefánsson

Almennir 1 þrep: Gígja Sunneva Bjarnadóttir
Almennir 2 þrep: Nanna Berglind Davíðsdóttir
Almennir 3 þrep: Ingibjörg Ósk Ólafsdóttir
Almennir 5 þrep: María Rós Sigurbjörnsdóttir

Mikið var að gera á mótum í nóvember. Við fórum með 20 krakka á Íslandsmót í almennum fimleikum 1-2 þrep og fengum 11 verðlaunapeninga. 8 krakkar fóru síðan á Íslandsmót í almennum fimleikum 3-5 þrep og fengu 3 verðlaunapeninga. Á meistaramótið í almennum fimleikum komust 3 stúlkur og fengu 3 verðlaun. Glæsilegur árangur það.

Farið var á hópfimleikamót um miðjan nóvember og fengu þær 3 gull af 4 mögulegum. Frábært.

9 stúlkur fóru á aðventumót Ármanns í lok nóvember í áhalda fimleikum.

Í byrjun árs var kosin fimleikamaður ársins 2007 og var það María Rós Sigurbjörnsdóttir og var hún vel að þeim titli komin. Einnig voru tilnefndir til Íþróttamanns æskunnar Gunnar Þór Stefánsson og Tindur Snær Sigurbjörnsson.

Fimleikafélagið Rán fékk Fréttapýramídann fyrir framlag til íþróttamála fyrir öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf og fyrir að hafa náð góðum árangri á landsvísu fyrir árið 2007.

Hjá félaginu voru eftirtaldir þjálfarar á vorönn:
Svanfríður Jóhannsdóttir, yfirþjálfari, Don, Kristín Rannveig Jónsdóttir, Guðrún Benónýsdóttir, Thelma Rut Grímsdóttir, Sara Sjöfn Grettisdóttir.
Aðstoðarþjálfarar voru: Erna Dögg Hjaltadóttir, María Rós Sigurbjörnsdóttir og Sveinbjörg Ósk Hauksdóttir.

Á haustönn voru þessir þjálfarar:
Svanfríður Jóhannsdóttir, yfirþjálfari, Don, Kristín Rannveig Jónsdóttir, Guðrún Benónýsdóttir, Thelma Rut Grímsdóttir, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir.
Aðstoðarþjálfarar voru: Erna Dögg Hjaltadóttir, María Rós Sigurbjörnsdóttir og Sveinbjörg Ósk Hauksdóttir.

Kristbjargar bikarinn var veittur efnilegasta einstaklingnum hjá félaginu og kom hann í hlut Gígju Sunnevu Bjarnadóttur. Einnig var Ránarstyttan veitt, en hún er veitt fyrir bestan árangur á árinu og hana hlaut þetta árið María Rós Sigurbjörnsdóttir.
Fimleikafélagið hélt sumarnámskeið. Einnig var okkar sívinsæli fimleikaskóli bæði á vorönn og haustönn.

18 maí héldum við okkar árlegu vorsýningu og heppnaðist hún mjög vel.

Sýningarhópar sýndu á Sjómannadaginn, 17.júní og á Þjóðhátíð.
Á Goslokahátíðinni vorum við með sýningu og einnig seldum við varning.

Í haust fórum við í mikla fjáröflun sem gekk mjög vel svo að við gátum keypt okkur fíberbraut og trampólín og var það mikil lyftistöng fyrir félagið, því þetta er nauðsynlegt að eiga.

Rétt fyrir jól fengum við úthlutun úr styrktar og menningarsjóði Sparisjóðsins og var það mikill heiður fyrir okkur.

14.desember var mikil gleði hjá okkur, þá héldum við sýningu sem var bæði vegna jóla og afmælis en félagið var 20 ára þann 29. nóvember. Þetta var glæsileg sýning og mætti formaður Fimleikasambandsins, Kristján Erlendsson ásamt fjölda annarra góðra gesta.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum sem hafa lagt okkur lið og einnig þeim sem hafa styrkt okkur á einn eða annan hátt.

Fyrir hönd stjórnar.
Kristín Ásmundsdóttir, formaður

Ársskýrsla KFS starfsárið 2008

Eins og 2007 hóf KFS árið með því að spila í Lengjubikarnum (áður Deildarbikar) en þeir leikir eru spilaðir frá mars-maí. KFS var í B-deild að þessu sinni, en var árið áður í C-deild, líkt og flest 3. deildar félögin. Andstæðingarnir voru því erfiðari en venjulega. Var árangur KFS því ekki góður og endaði liðið í sjötta og neðsta sæti riðils síns.

Í bikarkeppninni sat liðið hjá í fyrstu umferð en lék gegn Ými í annarri umferð á Týsvelli. Vannst sá leikur 2-0. Liðið var því komið í 32-liða úrslit og átti því möguleika á að mæta liði úr efstu deild, en reglum bikarkeppninnar hafði verið breytt á síðasta ársþingi KSÍ þannig að liðin úr efstu deild kæmu aftur inn í 32-liða úrslitin. Andstæðingar KFS í þessari umferð voru úrvaldsdeilarliðið Fjölnir og var spilað á Fjölnisvelli. Var mikil spenna fyrir leiknum hjá KFS en áhangendum Fjölnis fannst að þetta gæti orðið óspennandi leikur og var mætingin eftir því, en mæting á heimaleiki Fjölnis hafði verið með þeim bestu í efstu deild. Fór svo að leikurinn tapaðist 6-0 en þegar 10 mín. voru eftir var staðan 3-0! Því var bikaræVintýri KFS lokið þetta árið. Heimir Hallgríms þjálfari ÍBV var aðstoðarmaður Hjalta í þessum leik, en Fjölnir fékk einmitt ÍBV í heimsókn í 16-liða úrslitum bikarkeppninnar. Þessi undirbúningur dugði Heimi þó ekki því ÍBV tapaði þeim leik í framlengingu.

Í Íslandsmótinu stóð hugur manna til að ná í úrslitakeppnina í 3. deild. Mótið fór þó ekki vel af stað því liðið tapaði fyrstu tveimur leikjum sínum og ljóst að ekki máttu tapast fleiri leikir ætlaði liðið sér í úrslitakeppnina. Liðið lék í sex liða riðli og var spiluð þreföld umferð, samtals 15 leikir. Þegar upp var staðið vann liðið einungis fjóra leiki, gerði fimm jafntefli og tapaði sex leikjum. Endaði liðið í fimmta sæti með 17 stig. Liðið sem varð í efsta sæti tapaði ekki leik og endaði með 31 stig. Fyrir tímabilið fékk liðið til sín tvo erlenda leikmenn frá Bandaríkjunum, en þeir höfðu báðir leikið með öðrum liðum árið áður á Íslandi. Eftir upplýsingar frá þeim félögum var ákveðið að taka þá. Þeir stóðu ekki undir væntingum og m.a. lét annar leikmaðurinn sig hverfa á miðju tímabili til Bandaríkjanna. Þeir voru hvorugur á launum hjá félaginu, en þrátt fyrir það er alltaf einhver kostnaður og sérstaklega fyrirhöfn að hafa slíka leikmenn hjá félagi. Líkt og undanfarin ár kemur mikill fjöldi leikmanna við sögu í leikjum tímabilsins. Sumarið 2008 spiluðu 44 leikmenn leiki liðsins, þar af 14 sem spiluðu bara einn leik. Þetta sýnir kannski mikilvægi þess að halda úti liði eins og KFS.

Fyrir tímabilið stóð hugur manna, bæði KFS og Vestmannaeyjabæjar, til að sem flestir leikir liðsins færu fram á annað hvort Týs- eða Þórsvelli. Ástæðan er sú að KSÍ hafði lagt inn kvörtun vegna aðstæðna á Helgafellsvelli en gámarnir þar töldust ekki vera nægjanlega góðir handa liðunum, ásamt ýmsu öðru. Samt fór það svo að flestir leikir liðsins voru spilaðir á Helgafellsvelli, enginn á Þórsvelli og nokkrir á Týsvelli. Mun þægilegra er fyrir félagið að spila leiki sína á Týsvelli heldur en Helgafellsvelli því stutt er frá búningsaðstöðu á völlinn. Það sparar líka aðkomuliðum rútuferð til og frá velli. Þegar þetta er skrifað (apríl 2009) hefur annar gámurinn á Helgafellsvelli splundrast í einhverju vonskuveðrinu í vetur og annað varamannaskýið er illa farið. Það er von félagsins að fleiri leikir fáist spilaðir á Týs- eða Þórsvelli og á Hásteinsvelli sumarið 2009.

Undanfarin ár hefur KFS haldið úti öflugu starfi í Reykjavík yfir vetrarmánuðina, en stór hópur leikmanna félagsins er þar við nám eða störf. Það hefur því verið auðveldara en oft áður að fá æfingaleiki og oft á tíðum ekki margir sem eru að koma frá Eyjum í þá leiki, ekki verið talin þörf á. Þetta hefur reynst

vel og hafa verið að koma leikmenn til KFS sem ella hefðu farið eitthvað annað, eingöngu vegna þessa starfs í Reykjavík. Trausti Hjalta hefur haldið utan um starfsemina í Reykjavík ásamt fleirum. Liðin hér heima kvarta yfir aðstöðumun miðað við félögin í Reykjavík. Við erum þó að fá aðstöðuna fría hér en hún er það aldeilis ekki í Reykjavík. Þar þarf að greiða fyrir hvern æfingatíma, fyrir velli undir æfingaleiki o.fl. Félagið greiddi um 200.000 kr. fyrir æfingaaðstöðu í Reykjavík og útlit fyrir að sú fjárhæð tvöfaldist amk. fyrir árið 2009. Félagið telur þessum peningum þó vel varið þar sem stór hluti leikmanna er þar við æfingar. Þetta er þó drjúgur hluti af útgjöldum félagsins.

Líkt og undanfarin ár er getraunastarf félaginu afar mikilvægt. Meirihluti tekna félagsins kemur í gegnum mjög öflugt getraunastarf sem haldið er úti af Hjalta þjálfara. Þessar tekjur standa undir megninu af rekstri félagsins en líkt og hjá öðrum félögum frá Eyjum er ferðakostnaður stærsti útgjaldaliðurinn. Ferðakostnaður KFS á árinu 2008 var nálægt 1 mkr. Forsvarsmenn félagsins telja því mjög mikilvægt að áfram verði stutt við ferðajöfnunarsjóð og framlög í hann aukinn eins og upphaflega var áætlað. Það er ljóst að ferðakostnaður verður hærri á árinu 2009 þar sem allt verðlag hefur hækkað til muna.

Leikmaður ársins 2008 hjá KFS var Stefán Björn Hauksson og markahæsti leikmaður var Sigurður Ingi Vilhjálmsson.

Stjórn félagsins skipa eins og undanfarin ár Óðinn Steinson, formaður, Hjalti Kristjánsson, framkvæmdastjóri og Hreggviður Ágústsson ritari.

f.h. KFS
Óðinn Steinson, formaður.

Ársskýrsla ÍBV íþróttafélags starfsárið 2008

Starfsemi ársins 2008 hófst líkt og hefðbundið er með myndarlegri Þrettándagleði. Þrettándinn var haldinn þann 6. jan. sem bar uppá laugardegi. Gekk hann einstaklega vel fyrir sig og var fjölsóttur af Eyjamönnum og félögum þeirra. Þrettándamálin eru uppspretta mikilla vangaveltna en við hjá ÍBV höfum reynt að vinna þetta í góðri samvinnu við bæjaryfirvöld sem standa einnig þétt við bakið á félaginu. Við munum án efa í náinni framtíð ná að lenda Þrettándamálunum í sátt og samlyndi en sjálfsagt er alltaf að skoða hvað betur megi fara.

En í boltanum gekk í heildina þokkalega. Það var á brattan að sækja hjá meistaraflokki karla í handknattleik og féll liðið að lokum úr efstu deild. Sú deild er enda ansi fámenn með 8 liðum og því er það erfitt fyrir fámennt bæjarfélag að ná árangri í slíkri deild. Lögð var áhersla á að spila fyrst og fremst á heimamönnum og voru leikir liðsins ágætlega sóttir. Nú síðla vetrar hefur liðinu gengið þokklega í 2. deild en skarð hefur án efa verið fyrir skildi vegna meiðsla og náms lykilmanna. Ekki var teflt fram meistaraflokki kvenna keppnistímabilið 2007/2008. Lögð var áhersla á að byggja upp en fjölmargar mjög efnilegar stúlkur eru að koma upp og munu þær án efa verða sterkar handknattleikskonur þegar að fram sækir. Mikilvægt er að stuðla að því að halda okkar leikmönnum vel við efnið þannig að brottfall verði sem allra minnst. Þá kvíðir maður engu. Keppnistímabilið 2008/2009 er hafið og er teflt fram mjög ungu en skemmtilegu liði í 2. deildinni. Verið er að safna í reynslupakkann og þolinmæði er dyggð þegar að slíkt á sér stað. Handknattleiksráðið hefur staðið sig með miklum ágætum og staðið vaktina ákaflega vel. Fjármálin hafa verið tekin föstum tökum og unnið einkar vel að því að laga stöðuna og leggja grunn að framtíðinni.

Vetrarlok ÍBV voru haldin í Höllinni og tókust mjög vel að venju og fjölmargir félagar skemmtu sér þar hið besta.

TM mótið fór fram að venju í júnímánuði. Mótið er að sækja mjög í sig veðrið og fer stækkandi með hverju árinu. Sú ákvörðun ÍBV að hafa mótjð fyrir 5. fl. kvenna einvörðungu er að sanna sig og skilar mótið nú hagnaði fyrir félagið.

Shellmótið er hins vegar fyrir löngu búið að festa sig í sessi sem eitt glæsilegasta knattspyrnu-og íþróttamót landsins. Shellmótsnefndin stendur þar vaktina og ákvað að breyta fyrirkomulagi mótsins lítillega og stytta það um einn dag, þannig að því ljúki á laugardeginum. Þetta er að ganga upp og eru félög að mæta sem hafa ekki verið að gera það í síðustu mótum. Er Shellmótið þannig enn að styrkjast og var þó fyrir glæsilegasta knattspyrnumót landsins.

Vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að Pæju og Shellmóti fyrir frábær og ómetanleg störf fyrir félagið.

Þjóðhátíðin er að sjálfsögðu okkar langmikilvægasta fjáröflun og gekk hún að öllu leyti mjög vel og skilaði góðri afkomu. Þessi Þjóðhátið var ein sú allra stærsta sem haldin hefur verið. Þrátt fyrir nokkra ofankomu þá gekk hún frábærlega fyrir sig og voru t.d. fangageymslur lögreglunnar meira og minna tómar alla Þjóðhátíðina. Samstarfið við Ölgerðina gengur mjög vel fyrir sig og er ég viss um að það stefnir í mjög góða Þjóðhátíð nú í ár enda hafa reyndar engir efni á því lengur að fara erlendis að skemmta sér.

Þjóðhátíðarnefndin stóð sig einkar vel við sitt mikla og ósérhlífna starf og mun örugglega halda áfram því starfi . Þjóðhátíðin byggir þó miklu sjálfboðastarfi Eyjamanna og það eru ýmsir sem leggja gríðarlegt sjáflboðastarf á sig sem hátiðin megi

ganga sem allra best. Ég vil því þakka öllum þeim sem hjálpa til við að gera Þjóðhátíðina jafn glæsilega og raun ber vitni þeirra ómetanlega starf.

Knattspyrnuvertíðin var mjög spennandi. Meistaraflokkur karla stóð sig mjög vel sl. sumar og tryggði sér sæti í efstu deild. Það mun án efa verða erfið barátta fyrir ÍBV að tryggja sér áframhaldandi setu í efstu deild en án efa munu Eyjamenn fjölmenna á Hásteinsvöll í sumar og standa með ÍBV í blíðu og stríðu.

Meistaraflokkur kvenna lék í 2. deild. Þar á sér stað mikið og gott uppbyggingarstarf. Stefnan var í sjálfu sér ekki sett á að fara upp í efstu deild en ekki munaði miklu að liðið áynni sér sæti meðal þeirra bestu en að lokum lauk liðið þátttöku í 3 sæti deildarinnar sem var mjög góður árangur.

Þá voru sumarlok ÍBV haldin með hefðbundnum hætti og fjölmenntu félagar þar og skemmtu sér fram á nótt.

Félagið á fjölmarga iðkendur í landsliðum og landsliðshópum. Í handknattleiknum voru það í 17 landsliðið voru valda þær Elísa Viðarsdóttir og Dröfn Haraldsdóttir. Léku þær með liðinu í Evrópukeppninni.

Hjá knattspyrnunni lék Þórarinn Ingi með 19 ára landsliði í Evrópukeppni. Guðný Ósk Ómarsdóttir, var í u16 ára landslið og þær Þórhildur Ólafsdóttir, Kristín Sigurlásdóttir og Saga Hulda Helgadóttir voru allar í u17 ára landsliði. Þá eigum í ÍBV fjölmarga sem voru valdir í úrtakshópa fyrir landslið bæði í handknattleik og knattspyrnu.

Við fengum tvo Íslandsmeistaratitla en Óla Heiða og stelpurnar hennar í 6. fl. c urðu Íslandsmeistarar sem og Jón Óli og stelpurnar í 2. fl. kvenna. Gefum þeim öllum gott klapp.

Fjárhagsleg staða félagsins er í heild sinni ágæt. Við skuldum samtals tæpar 60 milljónir og erum í skilum. Deildirnar komu misjafnlega út en handknattleiksdeild lagaði stöðu sína verulega og skilar góðum hagnaði, kvennaknattspyrnan rekur sig einnig réttum megin við núllið, eins og venjulega, er rétt að segja. Knattspyrnudeild karla hins vegar skilaði alltof miklu tapi sl. sumar. Fundað var í þeim málum og var tekst nokkuð hart á. Niðurstaðan var sú að farið var í það í bæta stöðuna. Öflug bakhjarlasveit var mynduð og nýtt ráð myndað á gömlum merg. Nú er unnið að því hörðum höndum að láta enda mætast. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu leikur í efstu deild og er lagst þungt á árarnar.

Aðalstjórn hefur ekki viljað láta sitt eftir ligga og hefur lýst við vilja til saminga við allar deildir meistaraflokka. Þeir samningar felast í því að næstu þrjú árin mun hver deild skila afkomu réttu megin við

núllið. Gegn því mun aðalstjórn afskrifa skuldir sem hafa myndast hjá deildunum. Útgangspunkturinn voru skuldir meistaraflokks karla í knattspyrnu við aðalstjórn og síðan verður reiknað út framlag til annarra deilda m.a. eftir umfangi þeirra deild. Aðalstjórn mun sjá um þetta. Þetta mál hefur verið unnið í mikilli samvinnu við allar deildir félagsins þ.m.t. unglingaráð. Ef þetta gengur allt eftir þá er það skoðun undirritaðs að félagið mun hafa úr miklu mun meiri fjármunum að spila, ekki síst fyrir yngri flokka félagsins, og mun þetta styrkja allt félagslegt starf innan félagsins til framtíðar litið.

Við vitum að það verður erfiðara á næstu arum að sækja peninga til fyrirtækja og því er mjög nauðsynlegt að leggja áherslu á aðhaldið og sníða stakk eftir vexti. Aðalstjórn vill leggja sitt af mörkunum til að herða ráðin í þessari framtíðarsýn og munu samingar þessir verða undirritaðir fljótlega, en þeir hafa þegar verið kynntir í öllum meginatriðum og er unnið skv. þeim hjá ráðunum.

Við eigum eftir sem áður auðvitað góða bakhjarla í ýmsum fyrirtækum og einstaklegum og er þeim öllum færðar bestu þakkir félagsins.

Ferðajöfnunarsjóður ríksins er að koma vel inn í IBV. Við fengum á 8 milljón króna fyrir skömmu. Til stendur að úthluta fjármunum til deilda félagsins og hefur aðalstjórn þegar tekið ákvörðun um að 2.5 milljónir króna munu verða deilt út til yngri flokka félagsins. Unglingaráð mun gera tillögu til aðalstjórnar um úthlutun miðað við fjölda ferða og umfang flokka. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir félagið og mun án efa hjálpa verulega til vegna þess mikla ferðakostnaðar sem leggst á heimilin vegna tíðra ferðalaga.

Þá er ánægjulegt að sjá að enginn bilbugur er á bæjaryfirvöldum í byggingu á knattspyrnuhúsi. Samið hefur verið við verktaka, Steina og Olla og verður það stór stund í sögu félagsins þegar að byggingarframkvæmdum lýkur og nýtt og glæsilegt knattspyrnuhús mun rísa. Það mun gjörbreyta aðstöðu til vetrariðkunar knattspyrnu og ekki síst koma yngri kynslóðinni til góða. Bæjaryfirvöld eiga mikinn heiður skilinn fyrir frábæran skilning og stuðning við IBV Íþróttafélag. Við vinnum í mikilli og náinni samvinnu við Vestmanneyjabæ og höfum aldrei orðið vör við neitt annað en mikinn áhuga á stuðningi við okkur. Gefum bæjaryfirvöldum gott klapp.

ÍBV-Íþróttafélag er sterkt félag sem byggir á sjálfboðaliðastarfseminni. Við stöndum þar sterkt að vígi og höfum enga ástæðu til annars en að horfa til framtíðar með bjartsýni

Á síðasta ári var Aðalstjórn ÍBV-íþróttafélags skipuð eftirfarandi einstaklingum.

Jóhann Pétursson formaður
Tryggvi Már Sæmundsson varaformaður
Olga Bjarnadóttir ritari
Guðný Hrefna Einarsdóttir meðstjórnandi
Unnur Sigmarsdóttir meðstjórnandi

Varamenn
Örn Hilmisson
Þórunn Ragnarsdóttir

Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka öllum aðalstjórnarmönnum fyrir mjög góð samskipti liðnu ári. Sjálfur hefur ég verið mikið fjarverandi og verð víst því miður eitthvað áfram. Ég veit að það kemur ávallt maður í manns stað hjá ÍBV og aðalstjórn er það vel skipuð að engir hnökrar koma á starfið þótt tímabundin fjarvera komi til.

Jóhann Pétursson
Formaður

Ársskýrsla Hnefaleikafélags Vestmannaeyja árið 2008

Starfsemi Hnefaleikafélags Vestmannaeyja var góð árið 2008. Við fengum frábæra aðstöðu í gamla Féló haustið 2007 á fjórðu hæð og erum búin að koma okkur þar mjög vel fyrir. Eftir að við fengum þessa nýju aðstöðu sem var mikil bylting fyrir okkur fóru mun fleiri að æfa íþróttina. Sæþór Ólafur Pétursson og Páll Sigurðsson sáu alfarið um hnefaleikaþjálfun og Jóna Björk um þol og þrekþjálfun. Iðkendur voru um átján í barna- og unglingaflokki og átta í full-lorðinsflokki. Nokkrar stelpur byrjuðu iðkun og stóðu sig vel.

Haustið 2008 flutti aðalþjálfari félagsins hann Sæþór til Reykjavíkur þar sem hann stundar Háskóla nám sem og æfingar hjá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur með miklum framförum, hann heldur samt áfram að keppa fyrir Hnefaleikafélag Vestmannaeyja. Sæþór kemur reglulega til Vestmannaeyja og kennir þjálfurum og iðkendum allt það nýja sem hann hefur lært fyrir sunnan sem er alveg ómetanlegt, er hann þá með skipulagðar æfingar meðan á dvöl hans stendur. Páll Sigurðsson og Rúnar Rúnarsson hafa séð um æfingar í hans fjarveru og hefur verið góð þátttaka.

Árið 2008 var farið á eitt sterkt mót með ágætisárangri, ber öllum saman um það að starfsemi sem og geta Eyjamanna í hnefaleikum sé til fyrirmyndar. Æfingar okkar eru vel skipulagðar og skemmtilegar, áhugi er mjög mikill hjá ungum krökkum sem og unglingum til iðkunnar.

Æft er alla virka daga og hefjast æfingar kl: 18:00 og standa til kl: 20:00. Yngri hópur æfir 2-3x í viku en eldri hópur 4-5x í viku. Jóna Björk Grétarsdóttir er með þrek og þolæfingar 3x í viku mánud. miðvikud og fimmtud. kl: 16:00-17:30.

Stjórn Hnefaleikafélags Vestmannaeyja:
Sigvarð Sigurðsson, formaður.
Sæþór Ó. Pétursson, varaformaður.
Benóný Benónýsson, gjaldkeri.
Grétar Ómarsson, ritari.
Páll Sigurðsson, meðstjórnandi.
Jóna Björk Grétarsdótir, meðstjórnandi.

F.H Hnefaleikafélags Vestmannaeyja,
Grétar Ómarsson, ritari.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Óðins starfsárið 2008

Starfsemi Ungmennafélags Óðins var með hefbundnum hætti árið 2008 og undanfarin ár.

Æfingar voru stundaðar í Íþróttamiðstöðinni yfir vetrarmánuðina undir stjórn Jónu Bjarkar Grétarsdóttur, Karítasar Þórarinsdóttur og Kristínar Sólveigar Kormáksdóttur. Útiæfingar voru stundaðar á malarvellinum við Löngulág undir stjórn Jónu Bjarkar og Gauta Þorvarðar. Iðkendur yngri hóps eru um 25 en um 20 hjá eldri hópnum. Fjáröflun félagsins fer fram með sjoppu á sjómannadag og 17. júní. Einnig sjáum við um kvennahlaup ÍSÍ og fáum 200kr af þáttökugjaldinu sem er 1000 kr.

Æfingaraðstaða fyrir frjálsíþróttir fer versn-andi frá ári til árs.

Frá því aðalþjálfari liðsins kom til starfa árið 2001 hefur aðstaða til iðkunnar versnað til muna. Malarvöllurinn orðinn ennþá verri og hættulegri og dúkarnir á malarvellinum ónotæfir vegna skemmda. Enginn aðstaða er því yfir sumarmánuðina af viti, einungis stórhættulegur malarvöllur.

Tímar innanhúss árið 2008-2009.

Yngri hópur (6-12ára) æfa 2x í viku og 13ára og eldri 5x í viku, 2x í viku í Íþróttamiðstöð og 3x í viku í Boxheimilinu. UMFÓ fékk ömurlegar tímaúthlutanir fyrir eldri hópinn eða
kl: 14:00 og 14:40 þegar unglingarnir eru ennþá í skólanum gátum við einungis notað tvo klst á viku í Íþróttamiðstöð, föstudaga og sunnudaga. Höfum við því að mestu verið að iðka þrek- og uppbyggingaæfingar í Boxheimilinu einn og hálfan tíma í senn sem og útihlaup þegar viðrar vel.

Tímar utanhúss árið 2008.

Erfitt er að stunda útiæfingar hjá frjálsíþróttaiðkenndum. Malarvöllurinn er eins og allir vita handónýtur. Stökkaðstaðan nær því ónýt, eða allavegana mjög hættuleg, þar sem plankinn hefur grafast niður (c.a 2,0 cm) í dúkinn og því allt of há brún og meiðslahætta mikil. Dúkurinn rifinn og laus sem og glerharður sem steypa, ekki vænlegur til hlaups. Við höldum þó úti æfingum yfir sumartímann 5x í viku. Reynum bara að finna okkur ýmsa staði í náttúrunni til þess að hlaupa á svo formið drabbist ekki niður. Dapurt en satt.

Stórbætur árangur í unglingaflokki árið 2008.

Margir stórbættu árangur sinn í ýmsum greinum sl. sumar. Framfarir unglingahópsins voru framar vonum og hreint út sagt ótrúlegir miðað við aðstöðuleysið. Sýnir það okkur að við höfum mjög efnilega krakka sem munu án efa ná langt í náinni framtíð ef rétt er haldið á spilunum.

Óskar Elías Zöega Óskarsson íþróttamaður UMFÓ 2008 og
Ármey Valdimarsdóttir íþróttakona UMFÓ 2008.

Í fyrsta sinn í sögu UMFÓ var ákveðið að kjósa bæði íþróttamann og íþróttakonu hjá UMFÓ. Óskar Elías var kosinn íþróttamaður UMFÓ 2008 fyrir frábærar framfarir, dug og elju. Hann stökk 5,07 m í langstökki og bætti árangur sinn um rúman meter frá sumrinu áður. Einnig bæti hann árangur sinn í 100m hlaupi er hann hljóp á 13,03 sek sem er mjög góður árangur hjá þessum unga íþróttamanni sem er fæddur árið 1995. Ármey bætti sig einnig verulega í langstökki er hún stökk 4,76m og hljóp 100m á 13,87 sek. Sumarið áður stökk hún 3,66m og hljóp 100m á 15,09 sek. Ármey er fædd árið 1994 og er stórefnileg og samviskusöm stelpa.

STJÓRN UMFÓ:
Jóna Björk Grétarsdóttir, formaður
Ómar Garðarson, varaformaður
Grétar Ómarsson, gjaldkeri
Eva María Jónsdóttir, ritari
Edda Björk Hauksdóttir, meðstjórnandi.

Kær íþróttakv., **Jóna Björk Grétarsdóttir, form.**

Ársskýrsla Körfuknattleiksfélags ÍBV starfsárið 2008

Eins og undanfarin ár hefur starf Körfuknattleiksfélags ÍBV verið gróskumikið á því leiktímabili sem nú fer senn að ljúka. Félagið tefldi fram keppnisliðum á Íslandsmóti í minnibolta, 7. ,9.,10. og 11.flokki auk þess að tefla fram sterku liði í 2. deild karla í meistaraflokki. Auk þessa keppti yngsti aldursflokkur félagsins, minnibolti yngri, í 2 hópamótum og stóðu sig með stakri prýði. Þrátt fyrir allt tókst félaginu ekki að innibyrða meistaratitil þetta árið en árangurinn var heilt yfir mjög góður og framtíðin er björt fyrir körfuna í Eyjum ef fram heldur sem horfir. Margir öflugir körfuboltamenn eru að byggja upp dýrmæta reynslu og stjórn félagsins er sannfærð um að það er ekki spurning hvort heldur hvenær við munum taka á móti fyrsta meistaratitlinum.

Yngri lið félagsins enduðu öll veturinn í B-riðli sem verður að teljast mjög góður árangur. Það þýðir að ÍBV er með eitt af 10 bestu liðum landsins í öllum flokkum sem félagið teflir fram. Í bikarnum fór 11. flokkur alla leið í undanúrslit en töpuðu þar fyrir KR, reynslan var engu að síður dýrmæt og það er ljóst að þessi árgangur mun mæta sterkur til leiks næsta vetur með háleit markmið enda liðið skipað metnaðarfullum íþróttamönnum.

Í fyrsta skipti í sögu Körfuknattleiksfélags ÍBV tók lið frá félaginu þátt í Scania Cup sem er óopinbert norðurlandamót félagsliða. Mótið er feiknasterkt og fá tvö sterkustu lið í hverjum aldursflokki frá hverju norðurlandanna boð um þátttöku í mótinu. 7. Flokkur karla lenti í 2 sæti á Íslandsmótinu í fyrra og fékk þess vegna boð um að taka þátt á Scania Cup í apríl 2009. Það er skemmst frá því að segja að lið ÍBV ásamt fríðu föruneyti sló rækilega í gegn á mótinu og fengu okkar menn hrós fyrir frækilega frammistöðu innan sem utan vallar. Liðið endaði í 4 sæti á mótinu sem verður að teljast frábær árangur og til að kóróna þennan góða árangur var Sigurður Grétar Benónýsson valinn í úrvalslið mótsins.

Meistaraflokkur félagsins náði líka ágætisárangri í bikarkeppninni en þar lenti liðið á móti úrvalsdeildarliði Stjörnunnar í 16. liða úrslitum rétt fyrir jólafrí. Liðið tapaði fyrir Stjörnumönnum en það má segja að þessi sigurleikur Stjörnunnar hafi markað upphafið að sigurgöngu þeirra í deild og bikar en Stjarnan stóð eins og kunnugt er uppi sem sigurvegari í bikarkeppninni. Árangur meistaraflokks í deildarkeppninni var ekki í samræmi við væntingar en stjórn félagsins hafði góðar vonir um að eiga kost á að fara upp um deild að hausti. Sú von varð að engu síðastliðin laugardag þegar liðið tapaði fyrir Mostra frá Stykkishólmi í jöfnum leik í úrslitakeppni 2. deildar.

Fyrirtæki, bæði stór og smá, hafa undanfarin ár stutt dyggilega við íþróttahreyfinguna með einum eða öðrum hætti og þannig gert félögum eins og Körfuknattleiksfélagi ÍBV kleift að bjóða iðkenndum upp á öflugt félagsstarf. Framundan er samdráttarskeið á öllum sviðum fyrirtækjarekstrar og því ljóst að íþróttahreyfingin mun eins og aðrir angar efnahagslífsins verða fyrir tekjusamdrætti. Þetta ástand krefst þess af okkur sem störfum í íþróttahreyfingunni að við gætum aðhalds í rekstri og að við sníðum okkur stakk eftir vexti. Fyrst og síðast mun þetta ástand kalla á frekari þátttöku foreldra og stuðningsmanna í starfi félaganna og það mun jafnframt kalla á enn frekara samstarf íþróttafélaganna heima í héraði. Fjölmörg tækifæri liggja ónýtt og það er einmitt við svona aðstæður sem þarf að nýta öll tækifæri til sóknar. Íþróttahreyfingin í

Vestmannaeyjum er öflug og starf hennar er heilt yfir gott. Starfssemi íþróttafélaganna er hins vegar sundurleit og sameiginleg stefna hennar er ekki til að minnsta kosti ekki opinberlega. Þessu þarf að breyta.

Nokkur málefni liggja fyrir sem brýnt er að forsvarsmenn íþróttafélaganna í Eyjum beiti sér fyrir innan sinna sérsambanda. Efst á lista ber að nefna að sérsamböndin samræmi mótaskipulagningu þannig að sami aldursflokkur sé ekki að keppa á sama tíma. Of oft vill brenna við að mót skarist á í mismunandi greinum sem kemur niður á fámennari stöðum þar sem burðarásar í liðunum eru oft þeir sömu í öllum íþróttagreinum. Þessu er vafalaust hægt að koma í betra horf með bættri skipulagningu.

Forsvarsmenn bæjarfélagsins og íþróttahreyfingarinnar þurfa að taka höndum saman og endurhugsa íþróttalíf í Eyjum út frá breyttum aðstæðum. Eyjamenn eru stoltir af ÍBV og það starf sem fer fram innan hreyfingarinnar er bæjarfélaginu dýrmætt. Forvarnargildi íþróttanna er margsannað sem og félagslegt mikilvægi. Íþróttastarfinu fylgja líka talsverð umsvif fyrir ferðaþjónustuaðila í Eyjum og þarf að kalla þá að borðinu líka.

Skýrsla þjálfara

Alls tóku tæplega 70 iðkenndur þátt í yngri flokka starfi félagsins í vetur en 24 leikmenn spiluðu með meistaraflokk félagsins. Leikmenn höguðu sér almennt vel á æfingum og einnig á mótum innan sem utan vallar og voru félaginu til sóma. Mikill agi, mórallinn góður og mikill vinskapur einnig búinn að myndast.

Meistaraflokkur karla

Unnu 10 töpuðu 5 á Íslandsmótinu. Unnu 2 töpuðu 1 í bikarnum og 0 – 1 í Úrslitakeppninni. Eins og í mörgum öðrum flokkum enn og aftur þá vantaði leikmenn í leiki. Hjá þessum hóp vantaði nánast undantekningalaust einhvern af lykilmönnum liðsins í leikjum og var þetta sérstaklega áberandi hjá meistaraflokknum. Ástæða árangursins er einföld: Menn mættu mjög illa á æfingar, aldrei sömu leikmenn að spila saman, menn í slöku formi og metnaðurinn einstaklega lítill.

11. flokkur leikmenn fæddir 1992

Unnu 3 töpuðu 9 á Íslandsmótinu. Unnu 2 töpuðu 1 í bikarnum. Munaði helling um að það vantaði Ólaf Sigurðsson í teignum. Vantaði líka í öllum fjölliðamótum allavega 2-3 leikmenn vegna meiðsla eða veikinda og eins og allir okkar flokkar þá megum við ekki við forföllum mikilvægara leikmanna!

10. flokkur leikmenn fæddir 1993

Unnu 3 leiki en töpuðu 9 á Íslandsmótinu . Voru mjög nálægt því að vera í úrslitunum en hafa alltaf verið fámennur hópur og varð það þeim að falli þegar vantaði leikmann vegna meiðsla, veikinda eða hættur. Voru nánast allan vetur í A riðli en enduðu veturinn í B riðli.

9. flokkur leikmenn fæddir 1994

Unnu 7 og töpuðu 1 á Íslandsmótinu. Byrjuðu veturinn ágætlega en misstu flugið og kvarnaðist úr leikmannahópnum og fengu liðsstyrk frá sprækum strákum í 7.flokki á síðari hluta tímabilsins.

7. flokkur leikmenn fæddir 1995

Unnu 9 töpuðu 7 á Íslandsmótinu og unnu 3 töpuðu 3 á Scania Cup þar sem þeir lentu í 4.sæti! Besta liðið á landinu ef allir leikmenn eru með í törneringum.

Minnibolti 11 ára

Unnu 8 töpuðu 2 á Íslandsmótinu og (unnu 5 töpuðu engum leik á Samkaupsmótinu). Flottir peyjar þarna með Devon Már Griffin í fararbroddi ! Drengurinn afrekaði að troða í leik gegn Fjölnir á Íslandsmótinu í vetur !! Það er ekki á hverjum degi sem að það gerist í þessum aldursflokki!

Minnibolti 10 ára og yngri

Kepptu ekki á íslandsmótinu en tóku þátt á Actavis mótinu í janúar (0-4)og hið skemmtilega og stóra Samkaupsmótinu í mars (4-1) - voru í mikilli sókn í allan vetur og gott dæmi um það að þeir töpuðu aðeins 1 leik á Samkaupsmótinu en unnu ekki leik á fyrsta mótinu. Byrjuðu á núlli og kunnu bókstaflega ekkert en eru strax orðnir efnilegir og eru mjög duglegir og kappsfullir einstaklingar að æfa þarna.

Engin tölfræði var tekin í Actavismótinu og Samkaupsmótinu en þessi hópur á örugglega eftir að láta að sér kveða í framtíðinni.

Áfram ÍBV
Baldvin Johnsen

Ársskýrsla Íþróttafélagsins Ægis starfsárið 2008

Árið 2008 er búið að vera enn viðburðarríkara en árið 2007 hjá Ægi, Íþróttafélagi fatlaðra. Árið byrjaði með því að þann 11. janúar var Gunnar Karl Haraldsson kjörinn íþróttamaður ársins 2007 hjá Ægi. Við byrjuðum á markvissari æfingum fyrir komandi Íslandsmeistaramót í Boccia í apríl og byrjuðum að æfa í þeim liðum sem vön eru að keppa saman.

Í mars var Ægisdagurinn haldinn í 2. skiptið. Aðalmarkmiðið með þessum degi er að kynna íþróttina okkar örlítið betur fyrir bæjarbúum ásamt því að þetta er hluti af fjáröflun félagsins fyrir Íslandsmótið. Þessa frábæru hugmynd fékk Margrét Bjarnadóttir og hefur hún verið að gefast vel fyrir félagið og hafa góðir styrkir veist á þessum degi okkar.

Í lok mars hélt sundliðið okkar, sem er skipað þeim Guðna Davíð, Óla og Dagmar Ósk á sitt fyrsta Íslandsmót. Gunnar Már Kristjánsson var ánægður með árangurinn miðað við fyrsta mót. Kristín Ósk fór á sama tíma á formannafund hjá Íþróttasambandi fatlaðra og kíkti því á mannskapinn í Laugardagslauginni og var mjög stolt af sínu fólki! Kristín Rós Hákonardóttir var til aðstoðar við mótið og var það hvetjandi fyrir okkar mannskap að fá að hitta þessa miklu afreksmanneskju í sundi fatlaðra. Í byrjun apríl var svo haldið á mótið með 3 lið í keppnina, þar voru nýliðar sem voru að stíga sín fyrstu skref í keppni sem var mjög ánægjulegt, stöðugur vöxtur innan félagsins. Okkar fólk stóð sig með stakri prýði og var félaginu til sóma.

Eftir vinamót þar sem við heimsóttum Íþróttafélagið Gáska til að keppa í boccia uppí Mosfellsbæ, þá var komið að því að bjóða þeim í heimsókn til okkar í tilefni 20 ára afmæli Ægis. Þau ákváðu að taka helgarferð á þetta og silgdu þau alsæl héðan á sunnudeginum. Var bæði einstaklingskeppni



og liðakeppni. Var þetta sérstaklega hugsað sem æfing fyrir okkar fólk þar sem stefnan var tekin á fyrsta mót félagsins á einstaklingsmót á haustmánuðum. Þetta var einstaklega vel heppnuð helgi og enduðum við á að slá upp heljarinnar Eurovision partý, með góðum mat og mikilli gleði. Gáski vann liðakeppnina og við einstaklingskeppnina, þannig að allir voru sigurvegarar.

Maí var annasamur mánuður að vanda. Eldri borgarar buðu okkur til sín í bocciakeppni. Við ákváðum að gera þetta að föstum lið hjá okkur, að þau bjóði okkur til sín að vori og við þeim til okkar að hausti. Það er mjög gaman að fylgjast með æskunni okkar keppa á móti eldri borgurum. Einnig var sérstaklega skemmtilegt að sjá sumar ömmurnar vera að keppa við barnabörnin. Uppskeruhátíð félagsins var haldinn 24. maí. Það var haldið smá innandeildarmót og vann Ólafur Jónsson þá keppni hjá eldri iðkendum og Stefán Róbertsson keppnina hjá yngri iðkendum. Var svo slegið upp allsherjar pizzuveislu og fólkið okkar leyst út með viðurkenningum og merktum Ægisvarningi. Í lok maí byrjuðum við svo með sumarnámskeið. Fyrir eldri iðkendur félagsins var það 6 tíma frjálsíþróttanámskeið sem Jóna Björk Grétarsdóttir sá um og gekk það frábærlega. Fyrir yngri iðkendur félagsins sáu þeir Þórarinn Ingi Valdimarssson og Ingi Rafn Ingibergsson um 5 fótboltaæfingar og vöktu þeir mikla lukku! Við kunnum Jónu Björk og ÍBV strákunum okkar miklar þakkir fyrir þeirra framlag.

Í september byrjaði starfið aftur hjá okkur. Inn var ráðin nýr þjálfari, hún Rósa Jónsdóttir sem bocciaþjálfari hjá yngri iðkendum. Þar sem við vorum að fara á okkar fyrsta einstaklingsmót þá voru æfingarnar með aðeins breyttara móti og gekk það mjög vel. Einstaklingarnir okkar í eldri hópnum aðlöguðu sig vel að breyttum aðstæðum og æfðu stíft fram að móti. Við fengum jafnframt til okkar félag eldri borgara til að æfa okkur á fyrir keppnina stóru. Þar munaði mjóu en við höfðum það af að sigra með 1 stigi.

Í lok október var svo haldið til Reykjavíkur á Íslandsmót í einstaklingskeppni. Okkar fólk stóð sig vel að vanda og var gaman að sjá frábæran árangur miðað við fyrsta mót. Við komum heim með Ólaf Jónsson sem sigurvegara í sinni deild, Ylfa Óladóttir varð í 2. sæti í sömu deild og Gunnar Karl Haraldsson keppti til úrslita en komst ekki á pall. Þessir þrír einstaklingar, af þeim átta sem kepptu komust hins vegar öll upp um deild og verður áhugavert að sjá hvernig keppni fer í haust.

Í nóvember var jólakortapökkunin og byrjaði aðalfjáröflunarleiðin okkar, jólakortasalan, af fullum krafti í nóvember og fram í desember. Mannskapurinn stóð sig einstaklega vel við söluna og bættum við sölumetið okkar aftur.

Þann 12. desember varð Íþróttafélagið Ægir 20 ára. Við ákváðum að breyta aðeins til frá fyrri árum og buðum uppá opnar foreldra-, ættingja- og vinaæfingar í lok nóvember. Daginn fyrir afmælið var svo haldin heljarinnar keppni þar sem okkar liðsmenn mættu með einhvern til að keppa með sér á móti hinum félögum Ægis. Þar stóðu Ólafur Jónsson og faðir hans uppi sem sigurvegarar og var mikil kátína og gleði við völd þennan dag. Þetta verður eitt af því sem við munum klárlega endurtaka. Líka gaman fyrir aðra að fá innsýn í hversu erfið íþrótt boccia er og hversu mikillar tækni hún krefst. Rúsínan í pylsuendanum var samt eftir, þann 12. desember slógum við upp heljarinnar afmælisveislu í Týsheimilinu. Það var mikið um frábærar veitingar, góða gesti, rausnarlegar gjafir, og var botninn sleginn í partýið þegar þeir Sæþór Vídó og Jarl Sigurgeirsson mættu með gítarana og var því sungið og trallað. Mun þessi dagur seint gleymast hjá okkur sem tókum þátt í honum.

Eftir kraftmikla vinnu og óeigingjarnt starf margra aðila er félagið og starf þess í miklum blóma. Það er ekki hægt að ljúka þessum skrifum nema að þakka öllum þeim frábæru styrktaraðilum sem hafa stutt vel við bakið á okkur. Öll þessi vinna hefur skilað sér á markverðan hátt og mætum við góðum móttökum nánast hvar sem við komum og er það þakkarvert. Við stefnum að sjálfsögðu alltaf hærra og hærra! Íþróttasamband fatlaðra er búið að skora á okkur að halda einstaklingskeppnina hér í Eyjum og er sú hugmynd í skoðun innan félagsins. Þar verðum við að skora á Vestmannaeyjabæ ásamt öðrum aðilum til að leggja hönd á plóg, þar sem aðgengi fyrir fólk í hjólastólum á gististöðum og veitingahúsum bæjarins er ekki beint til að hrópa húrra fyrir. Náði ég spjalli af bæjarstjóranum og lýsti hann yfir velvilja í garð þessarar hugmyndar. Framtíðin er því spennandi og jafnframt krefjandi, en við lítum á þetta sem verkefni sem þarf að leysa! :)

Fyrir hönd Íþróttafélagsins Ægis,
Kristín Ósk Óskarsdóttir, formaður